



**SKOÐUN** Jóna Hlíf Halldórsdóttir segir að tryggja verði Myndlistarsjóði fjármagn. **29**



**MENNING** Sif Sigmarsdóttir skrifaði raunsæislegan framtíðartrylli í Djásni. **46**



**LÍFID** Heim með einkaflugvél eftir síðasta gamlársballið í Sjallanum. **72**



**SPORT** Mörg leikmannakaup Brendans Rodgers hafa misheppnast. **68**

**SNJALLAR JÓLAGJAFIR**

**NÝR 8BLS BÆKLINGUR**

MEÐ PÓSTNUM STÚFULLUR AF JÓLALEGUM VÖRUM

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

11. desember 2014  
291. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Um helmingur votlendis

Hátt í helmingur alls votlendis á Íslandi hefur verið ræstur fram, en verulegur hluti landsins er ekki nýttur. **16**

### Ósamála Fæðingarorlofssjóði

Félagsmálaráðherra segir mikilvægast að Fæðingarorlofssjóður fari að lögum og endurgreiði foreldrum. **6**

### Veikjast af jólamat og skrauti

Eigendur gæludýra eru hvattir til að gæta þess að þau slasi sig ekki á jóla-skrauti og borði ekki jólamat. **22**

### Standa við tölurnar

Hagstofnan stendur við tölur um að hagvöxtur á árinu hafi aðeins verið 0,5 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. **24**



SHALDOR  
28

Bolungarvík	-6°	N	13
Akureyri	0°	N	10
Egilsstaðir	0°	N	13
Kirkjubæjarkl.	0°	NA	8
Reykjavík	-3°	N	11

**Áfram hvass** í dag má búast við N- og NA-átt, yfirleitt 10-15 m/s. Snjócoma eða él í fyrstu N-til en fer minnkandi með deginum, fyrst NV-til. **4**

## SÉRBLAÐ

Fólk



**MÁ EKKI FARA** „Ég veit enn ekki hvað amar að. Mögulega væri ég löngu farinn heim ef ekki væri verkfall en ég er fastur hér því það er ekki hægt að útskrifa mig,“ segir Guðni Páll Viktorsson sem bíður aðhlyningar á hjartadeild Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Liggur inni á kaffistofunni

Guðni Páll Viktorsson liggur á kaffistofu hjartadeildar Landspítalans og má ekki fara heim. Lög á verkfall leysa ekki vandann, segir heilbrigðisráðherra. Sjúklingar í óvissu og fastir á spítalanum. Um 700 aðgerðum frestað.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert hefur verið rætt um lagasetningu á verkfall lækna og skurðlækna í ríkisstjórninni eða heilbrigðisráðuneytinu, að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.

„Það myndi ekki leysa vandann,“ segir Kristján í samtali við Fréttablaðið.

Verkfall lækna hefur nú staðið

yfir í 59 daga en síðustu verkfallslotu fyrir jól lýkur í dag. Læknar samþykktu á þriðjudag auknar verkfallsaðgerðir eftir áramót, en loturnar munu þá standa yfir í fjóra daga í senn í stað tveggja.

Verkfallið hefur nú þegar haft víðtæk áhrif á rekstur spítala og heilsugæslustöðva landsins. Rúmlega 700 aðgerðum hefur verið frestað, 500 skurðaðgerðum og um

200 sértækum aðgerðum. Yfir tvö þúsund dag- og göngudeildarkomum hefur verið frestað og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu fær fallelkunn í athugun á þjónustu hennar.

Guðni Páll Viktorsson er einn þeirra sjúklinga sem finna fyrir aðgerðum lækna á eigin skinni. Hann hefur verið fastur á hjartadeild Landspítalans í fjóra daga og

liggur á kaffistofu deildarinnar vegna verkfallsins. Hann kenndi sér meins á mánudagskvöldið og leitaði aðstoðar á bráðamóttöku. Hann veit ekki enn hvað amar að honum og má ekki fara heim, því vegna aðgerða lækna er ekki hægt að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og engir sjúklingar á hjartadeild eru útskrifaðir.

- kbg, fbj / sjá síðu 10

Bæjarritarinn sem skipulagður var út úr stjórnslu Mosfellsbæjar á biðlaun:

## Fær 14 milljónir án vinnuskyldu

**STJÓRNSÝSLA** „Hann er búinn að vinna lengi og á helminginn af þessu sem kjarasamningsbundin réttindi,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri um ástæður þess að bæjarritarinn fær tólf en ekki sex mánaða biðlaun eftir að hafa verið sagt upp vegna skipulagsbreytinga.

Mánaðarlegar greiðslur til Stefáns Ómars Jónssonar nema um 1,1 milljón króna. Eftir að hann

hefur sinnt sérverkefnum út mars á næsta ári fer Stefán á tólf mánaða biðlaun. Síðan fær hann greitt orlof sem safnast á meðan. Með því fær Stefán því minnst þrettán mánaðarlaun, eða um 14,3 milljónir króna, án vinnuframlags.

„Við erum að leggja niður sviðið hans og breyta hans högum,“ undirstrikar bæjarstjórinn.


Stefán var ráðinn sem bæjarritari í september 2001. - gar / sjá síðu 8.



Ég hugsa að það séu mörg dæmi um svona hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

OPIÐ TIL  
KL. 22 ÖLL  
KVÖLD TIL JÓLA



SMÁRALIND

Heilbrigðar tennur



Flux  
flúormunnskol



JOE BOXER®

Kringlan • Skólavörðustíg



# OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA



Taktu þér nægan tíma til að komast í hátíðarskap!

Jólasveinar kíkja í heimsókn í dag á milli kl. 16 og 17



**SMÁRALIND**

Gleðileg jól



# JÓLA GJAFADAGAR

## BYRJA Í DAG

**25%**  
afsláttur

AF ÖLLUM  
Útivistarfátnaði



**25%**  
afsláttur

AF ÖLLUM  
Russell Hobbs  
smáraftækjum



**20%**  
afsláttur

AF ÖLLUM  
Verkfærum



**20%**  
afsláttur

AF ÖLLUM  
Búsáhöldum



**20%**  
afsláttur

AF SERÍUM  
frá Sirius



**JÓLATRÉ**  
KJARAKLÚBBSINS  
NORMANNSPINUR STANDARD FLOKKUR

**150-240 cm**  
**3.990 kr.**

TAKMARKAÐ  
MAGN

KJARA  
KLÚBBUR %%

ALLIR GETA SKRÁÐ SIG Í KJARAKLÚBBINN Í NÆSTU VERSLUN OG FENGIÐ AFSLÁTT STRAX AF MÖRG ÞÚSUND VÖRUM.

JÓLATRÉ KJARAKLÚBBSINS FÁST Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Skútuvogi • Grafarholti  
Selfossi • Akureyri • Egilsstöðum



JÓLAHLAÐBORD SKÚTUVOGI

Virkadaga kl. 17-20 • Helgar kl. 12-15 og 17-20



Aðeins  
**1.980kr**  
Börn 10 ára og yngri aðeins **500kr**

blómaval



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956

\*AFSLÁTTUR gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum.

## VEISTU SVARID?



1. Hvaða sjóði er óheimilt að innheimta ofgreiddar greiðslur?
2. Hvaða náttúruundur gæti dregið úr rykmengun?
3. Hvað á náttúrpassinn að skila miklum tekjum í ríkissjóð?

SVÖR

1. Fæðingarorlofsjóður. 2. Hraunið í Hólunum. 3. Fimm milljörðum.

# Prjátu og þrjú fyrirtæki sóttu um styrk vegna margvíslegra frumkvöðlaverkefna sem unnið er að: Veitt úr Frumkvöðlasjóði í annað sinn í ár

**VIÐSKIPTI** Tíu milljónir voru í gær veittar úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til að styrkja sex fyrirtæki. Þetta er í annað sinn á árinu sem veitt er úr sjóðnum. Í tilkynningu bankans kemur fram að sterk staða hans geri honum kleift að úthluta allt að 20 milljónum á ári hverju. „Sjóðurinn styrkir frumkvöðlaverkefni sem leggja áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbærar sjávarútveg og verndun hafsvæða,“ segir þar. 33 umsóknir bárust. Fyrirtækin sem fengu styrk

eru Kerecis, sem framleiðir og markaðssetur affrumað fiskroð af íslenskum þorski; Bárán Hönnunarteymi og Ásgeir Matthíasson, vegna orkuskiptaverkefnis um borð í frystitogurum; fyrirtækið Bio-kraft sem stundar vindrannsóknir; Gerosion sem þröar fóðringu í jarðhitaborholur; The Hannibal project sem kannar hagvæmni þess að nýta sorp til framleiðslu eldsneytis; og Akvaplan niva AS, sem kannar vænleika þess að nýta litarefni úr sæbjúgum.

- óká



**HÓPURINN** Styrkþegar ásamt Birnu Einarsdóttur bankastjóra og stjórnarmönnum Frumkvöðlasjóðsins, Máu Mássyni, Rúnari Jónssyni og Hirti Steindórssyni.

MYND/ISLANDSBANKI



**FORSTJÓRINN** Björgólfur segir að með stöðugleika gefist tækifæri til áframhaldandi innri vaxtar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samningurinn stórt skref:

## Flugmenn sömdu til 2017

**ATVINNUMÁL** Icelandair Group, dótturfélagið Icelandair og Félag íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hafa undirritað kjarasamning sem gildir til 30. september 2017.

Samningurinn fer nú í kynningu og atkvæðagreiðslu hjá FÍA. „Þessi nýi þriggja ára samningur við FÍA er, ef hann verður samþykktur, mikilvægt skref fyrir félagið. Með stöðugleika gefast tækifæri til áframhaldandi innri vaxtar,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, í tilkynningu.

Flugmenn hjá Icelandair fóru í verkfall í maí á þessu ári, en gerðu síðan samning til nokkurra mánaða. Hann var runninn út. - jhs

Heryfirvöld í Finnlandi:

## Auka eftirlit með lofthelgi

**FINNLAND** Flugherinn í Finnlandi hefur boðað auknið eftirlit í lofthelgi Finnlands, að því er Hufvudstadsbladet greinir frá. Sænska blaðið Expressen greindi frá því að í lok síðustu viku og um helgina hefðu Rússar verið með umfangsmikla heræfingu yfir Eystrasalti og meðal annars flogið herflugvélum sem geta borið kjarnorkusprengrur.

Finnski flugherinn segir að Rússar hafi ekki rofið lofthelgi Finnlands. - ibs

# Ráðuneytið var ósammála túlkun Fæðingarorlofsjóðs

Félagsmálaráðherra segir mikilvægast að Fæðingarorlofsjóður fari að lögum og endurgreiði það sem oftekið hefur verið af foreldrum. Lög geri ráð fyrir svigrúmi til tekjuauka fyrir foreldra. Starfshópur skoðar heildarmyndina.

**STJÓRNSÝSLA** Vilji löggjafarvaldsins í lögum um fæðingar- og foreldraorlof stóð til þess að foreldrar gætu nýtt sér ákveðið svigrúm við tekjuöflun til að koma á mótí mögulegu tekjutapi við töku slíks orlofs.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir það hafa verið afstöðu ráðuneytisins að túlkun Fæðingarorlofsjóðs á lögnum hafi ekki verið rétt. „Við höfum verið sammála umboðsmanni Alþingis í þessum málum,“ segir hún.

Nokkur álit umboðsmanns Alþingis, síðast núna í lok árs, hafa gert sjóðinn afturreka með innheimtu á því sem sjóðurinn hefur viljað meina að hafi verið ofgreiddar bætur í fæðingarorlofi. Eygló segir hendir ráðuneytisins hins vegar hafa verið bundnar fyrst úrskurðarnefnd um fæðingar- og foreldraorlofsmál hafi tekið undir með túlkun sjóðsins.

„En nú eru þessi álit umboðsmanns komin frá og mikilvægast að sjóðurinn leiðrétti í samræmi við þá túlkun laganna sem þar kemur fram,“ segir hún.

Í fjárukaalögum þessa árs og fjárlögum þess næsta er gert ráð fyrir 285 milljónum króna til að endurgreiða fólki upphæðir sem sjóðurinn hafði áður krafist það um endurgreiðslu á vegna meintrar oftöku fæðingarorlofsbóta. Frá 2007 hefur sjóðurinn krafist 2.542 einstaklinga um alls tæpar 329 milljónir króna, en hluti málanna kann að vera fyrndur.

Eygló segir alveg ljóst að stofnanir eigi að fylgja lögum sem um þær eru settar. Í lögum um fæð-



**Nú eru þessi álit umboðsmanns komin frá og mikilvægast að sjóðurinn leiðrétti í samræmi við þá túlkun laganna sem þar kemur fram.**

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.

ingarorlof hafi verið gert ráð fyrir svigrúmi handa fólki til tekjuöflunar til að koma á mótí tekjutapi við töku orlofsins. „Og það er mjög mikilvægt að þetta svigrúm sé til staðar. Ég hef þá trú að meginþorri þeirra foreldra sem taka fæðingarorlof geri það til þess að geta verið með börnum sínum og myndað nauðsynleg tengsl, bæði mæður og feður.“ Skilaboð stjórnvalda þurfi fyrst og fremst að vera í þá átt að hvetja foreldra til töku fæðingarorlofs.

Eygló segist hafa ákveðnar áhyggjur af því að tölur Hagstofunnar sýni að dregið hafi úr tíðni fæðinga hér á landi og við því þurfi að bregðast. Nýskipaður starfshópur um fæðingarorlof skoði lög in og geri tillögur um úrbætur þar sem þeirra teljist þörf.

„En núna er fyrst og fremst aðkallandi að leiðréttu það sem aflaga hefur farið í framkvæmd á lögnum,“ segir hún.

olikr@frettabladid.is



**Í ORLOFI** Túlkun Fæðingarorlofsjóðs á heimildum til frádráttar frá greiðslum til fólks í fæðingarorlofi vegna annarra tekna þess hefur ekki verið í samræmi við túlkun ráðuneytisins á lögum um sjóðinn.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

## Starfshópur skoðar stóru myndina

Á þriðjudag var greint frá skipan starfshóps félags- og húsnæðismálaráðherra sem móta á tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum. Huga á sérstaklega að því hvernig best megi ná markmiðum um að tryggja barni samvistir við báða foreldra samhliða því að foreldrum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í skipunarbrefi segir að meðal annars þurfi að líta til þess hvernig endurheimta megi þann megintilgang fæðingarorlofskerfisins að stuðla að því að röskun á tekjuinnkomu heimilanna verði sem minnst þegar foreldrar leggj niður störf í fæðingarorlofi, ásamt því að tryggja samfelli milli fæðingarorlofs og dagvistunarúrræða.

Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, er formaður starfshópsins, en auk hans eiga í hópnunum sæti fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Bandalags háskólanna, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.



**BIRKIR JÓN JÓNSSON**



## Bosch heimilistæki, stór og smá.

Úrval af falletgri gjafavöru. Nú á jólavörð.



# BOSCH

# - BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

# TAX FREE

# DAGAR



AFNEMUM  
VIRÐISAUKASKATT\*  
AF ÖLLUM  
HERRA- OG  
BARNAFATNAÐI  
11.-14. DESEMBER

\*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**  
Sæmtillegast að versla

Pingkosningar í Svíþjóð:  
**Fjórtán prósent skipta um flokk**

**SVÍPJÓÐ** Fjórtán prósent sænskra kjósenda ætla að kjósa annan flokk í pingkosningunum í mars næstkomandi heldur en í kosningunum nú í haust samkvæmt nýrri könnun á vegum sænska ríkissjónvarpsins. Tuttugu prósent eru óákveðin.

Af Svíþjóðardemókrötum segist einn af hverjum fimm ætla að skipta um flokk. Bent er á að það gefi ekki til kynna að þeim muni ganga illa í komandi kosningum.

- ibs

Ellefu starfsmenn Sorpu hafa bíl frá fyrirtækinu til umráða samkvæmt ákvæðum ráðningarsamninga:  
**Stjórn Sorpu skoðar bílamál starfsmanna**

**SVEITARSTJÓRNIR** Kjaramál starfsmanna Sorpu bs. verða rædd á stjórnarfundum byggðasamlagsins á morgun og verða þá bifreiðahlunnindi meðal annars skoðuð.

„Þar munum við væntanlega ræða kjaramálin, ásamt öðrum málum, og það er eðlilegt að við ræðum um lífandi málefni tengd Sorpu,“ segir Bjarni Torfi Álfþórsson, stjórnarformaður Sorpu.

Ellefu starfsmenn fyrirtækisins eru með bíl frá Sorpu til umráða samkvæmt ákvæðum í ráðningar-

samningum, eins og kom fram í fréttablaðinu Kópavogi í síðustu viku. Þar er vitnað í svör Björns Halldórssonar, framkvæmdastjóra Sorpu, við fyrirspurn blaðsins. Björn greinir þar frá því að fyrirtækið greiði allan kostnað við ökutækin og áætlað að árlegur kostnaður af hverri bifreið sé um 790 þúsund krónur. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins keyrir Björn sjálfur á svörtum metanbíli, árgerð 2008, af gerðinni Mercedes Benz E200 NGT.

„Það er verið að gera rekstrarúttekt á byggðasamlögnum þremur; Strætó, Sorpu og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Sú umræða fór í gang löngu á undan allri bílamúræðu en er eðlilegur þáttur í rekstri svona stórra þjónustufyrirtækja við höfuðborgarbúa,“ segir Bjarni, spurður hvort kjaramál verði til umræðu í ljósi fréttanna af ákvörðun Strætó bs. um að selja tíu milljóna króna jeppa sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins hafði til umráða.

- hg



**SORPA** Fyrirtækið er í eigu sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EKKI ÁNÆGGDIR** Nemendur vilja ekki miðstýrð próf en menntayfirvöld telja að þau muni auka gæði menntunar í landinu.  
NORDICPHOTOS/AFP

Nemendur í Makedóníu eru ósáttir við ný miðstýrð próf:  
**Þúsundir nemenda mótmæltu**

**MAKEDÓNÍA** Þúsundir nemenda í Skopje, höfuðborg Makedóníu, tóku þátt í mótmælum í dag. Þeir voru að mótmæla miðstýrðum prófum sem stjórnvöld hyggjast taka upp. Fulltrúar menntamálayfirvalda í landinu segja hins vegar að hin miðstýrðu próf verði til þess að auka gæði menntunar.

- jhh



**MOSFELLSBÆR** Bæjarritarinn hættir eftir þrettán ára starf með 14 milljónir í starflokasamning.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Bæjarritari kvaddur með 14,3 milljónum**

Staða bæjarritara Mosfellsbæjar var skipulögð út úr stjórnsýslu bæjarins en hann heldur þó fullum launum í sautján mánuði, fyrst í fimm mánuði í sérverkefnum og síðar í tólf mánuði á biðlaunum. Mánaðarlaunin eru ríflega 1,1 milljón króna.

**STJÓRNSÝSLA** Framkvæmdastjóri hins niðurlagða stjórnsýslusviðs Mosfellsbæjar er í sérverkefnum í fimm mánuði og fær síðan tólf mánaða biðlaun auk orlofs-greiðslna.

„Hann er búinn að vinna lengi og á helminginn af þessu sem kjarasambandsbundin réttindi,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri um ástæður þess að Stefán Ómar Jónsson fær tólf mánaða biðlaun eftir að vera sagt upp sem framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Mosfellsbæjar. Staðan var lögð niður 1. nóvember vegna breytinga á stjórnsýslu bæjarins. Samkvæmt upplýsingum frá Mosfellsbæ nema mánaðarlegar greiðslur til Stefáns nú rúmlega 1,1 milljón króna. Þær skiptast þannig að föst laun eru 518 þúsund krónur, föst yfirvinna 511 þúsund, aksturspeningar 81 þúsund og 33 þúsund krónur eru fyrir fundasetu. Stefán var ráðinn sem bæjarritari í september 2001. Stöðuheitinu var síðar breytt í framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs.

Samkvæmt samkomulagi mun Stefán stýra endurbótum á svokölluðu OnePlayschool-kerfi og sinna fleiri sérverkefnum út mars á næsta ári. Eftir það fer Stefán á tólf mánaða laun án vinnuskyldu. Þar á eftir fær hann greitt orlof sem hann safnar á meðan hann vinnur að sérverkefnum og á meðan hann er á biðlaunum. Með orlofinu fær Stefán því borguð minnst þrettán mánaðarlaun eða um 14,3 milljónir króna án þess að skila vinnuframlagi.

Haraldur bæjarstjóri segir það einfaldlega samkomulag bæjarráðs við Stefán að borga honum lengri biðlaun en samningur hans kveði á um. „Við erum að leggja niður sviðið hans og breyta hans högum. Hann er að verða sextugur og það er ekki hlaupið að því fyrir mann á þeim aldri að fá vinnu. Það er hlutur sem þarf að velja fyrir sér þegar gripið er svona inn í hjá fólki,“ segir Haraldur.



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Hann er að verða sextugur og það er ekki hlaupið að því fyrir mann á þeim aldri að fá vinnu.“

Aðspurður segir bæjarstjórnir ekki um að ræða vinnureglu hjá bænum að bæta ofan á samningsbundin réttindi þegar fólk hættir eftir langt starf. Aðstæðurnar séu sérstakar. „Hann er ekki að hætta af sjálfsdáðum; það er verið að breyta skipulagi sem hefur áhrif á hans hlut. Ég hugsa að það séu mörg dæmi um svona hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum sérstaklega – það eru til miklu lengri starflokasamningar þar.“

gar@frettabladid.is

**HAPPADRÆTTI**

**Tveir dattu í lukkupottinn**

Tveir voru með allar tölur réttar í Viki-Ingilóttóinu í gær. Skiptu þeir með sér því sem nemur tæpum 47 milljónum króna. Annar vinningurinn kom á miða í Danmörku en hinn í Noregi. Tölur kvöldsins voru 3, 9, 14, 19, 34 og 40 og bönustölurnar voru 20 og 45.

**FERÐAPJÓNUSTA**

**Stækka Hótel Varmahlíð**

Rekstraraðili Hótel Varmahlíðar vill stækka hótelíð með því að rífa gamla viðbyggingu norðan matsalrarins og byggja þar herbergisálmú á tveimur hæðum og byggja nýjan veitingastað til suðurs. Einnig byggja hæð ofan á núverandi matsal.



**GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS**

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortíð er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS

Liðhlaupi fullyrðir að áróðursmyndbönd séu runnin undan rifjum Íslendinga:  
**Íslendingur með Íslamska ríkinu**

**ÖRYGGISMÁL** Myndbönd skæruliðasamtaka þeirra er kenna sig við Íslamska ríkið (IS) eru gerð og unnin af Íslendingi. Þetta kemur fram í grein sem birtist á vefmiðlinum New York Review of Books.

Fréttaritari The Economist í Mið-Austurlöndum er höfundur greinarinnar en í henni er rætt við liðhlaupa úr samtökunum sem segir að fjöldinn allur af vestrænum mönnum hafi gengið í lið með IS. Einn þeirra ku vera Íslendingur sem hefur það starf að taka upp og vinna áróðursmyndbönd sem eiga bæði að hræða almenning í vestrænum löndum og lokka nýja liðsmenn til liðs við samtökin.

Greinarhöfundur sagði í samtali við fréttastofu að ekki ætti að taka fullyrðingum liðhlaupans sem heilögum sannleik. Afar erfitt gæti verið að sannreyna þær eða hrekja.

Fulltrúar ríkislögreglustjóra vildu ekki tjá sig ef þeir voru inntir eftir því hvort þeir hefðu einhverjar upplýsingar þessu tengdar.

Íslamska ríkið er samtök herskárra súnnímúsl-



**STUÐNINGSMENN** Hópur stuðningsmanna IS á götum Mósúl. Íslendingur gæti verið innan raða samtakanna.  
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ma sem hafa náð töluverðum landsvæðum í Írak og Sírylandi á sitt vald síðustu mánuði. Markmið þeirra er að koma á fót, með góðu eða illu, íslömsku ríki þar sem sjaríalög gilda.

- j6e





# Nú má veturinn koma.

Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI  
fjór hjóladrífinn og sjálfskiptur:  
**6.444.444 kr.**

**VW Tiguan R-Line** er í vetrarham og honum fylgja vetrardekk, dráttarkrókur, Webasto bílahitari, bakkmyndavél, leiðsögukerfi, fjarlægðarskynjari með bílastæðaaðstoð o.fl. Leyfðu þér að hlakka til vetrarins með Tiguan.

#### **Tiguan R-Line 4Motion 2.0 TDI fjór hjóladrífinn og sjálfskiptur**

- Dráttarkrókur
- Vetrardekk
- Webasto bílahitari
- Bakkmyndavél
- Leiðsögukerfi
- Fjarlægðarskynjari
- Panorama sóllúga
- 18" álfelgur
- Svæðaskipt miðstöð
- Hiti í speglum og sætum
- Alcantara leðursæti
- Bluetooth
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Færanleg aftursæti á sleðum
- Stöðugleikastýring
- Skriðvörn
- Regnskynjari

**Verð: 6.444.444 kr.**



**Das Auto.**

# Heilbrigðisráðherra segist ekki vera kominn á þann stað að tímabært sé að ræða lagasetningu á verkfall lækna og skurðlækna: Ráðherra segir lög á verkfall lækna ekki leysa vandann

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert hefur verið rætt um lagasetningu á verkfall lækna og skurðlækna í ríkisstjórninni eða heilbrigðisráðuneytinu, að sögn Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra.

„Það myndi ekki leysa vandann,“ segir Kristján í samtali við Fréttablaðið.

Verkfall lækna hefur nú staðið yfir í 59 daga en síðustu verkfallslotu fyrir júl lýkur í dag. Læknar samþykktu á þriðjudag auknar verkfallsaðgerðir eftir áramót,

en loturnar munu þá standa yfir í fjóra daga í senn í stað tveggja.

Helgi Kjartan Sigurðsson, formaður Skurðlæknafélags Íslands, sagði í samtali við Stöð 2 á þriðjudag að með þeim myndu allar skurðaðgerðir falla niður, alla daga vikunnar utan föstudaga.

Aðspurður hvort svo víðtæk vinnustöðvun hjá læknum eins og boðuð er stefni ekki almannahagsmunum í hættu og réttlæti þar af leiðandi að minnsta kosti umræðu um lagasetningu segist ráðherra

vilja meta stöðuna dag frá degi.

„Ég ber ennþá þá von í brjósti að samningsaðilar komist að einhverri niðurstöðu. Þau sjá það beggja vegna borðsins hversu brýnt þetta er orðið. Ég er ekki kominn á þann stað að ég trúi því ekki að við náum saman,“ segir Kristján Þór.

Verkfallið hefur nú þegar haft víðtæk áhrif á rekstur spítala og heilsugæslustöðva landsins. Rúmlega 700 aðgerðum hefur verið frestað, 500 skurðaðgerðum og um 200 sértækum aðgerðum. Yfir tvö

„Þau sjá það beggja vegna borðsins hversu brýnt þetta er orðið. Ég er ekki kominn á þann stað að ég trúi því ekki að við náum saman.“

þúsund dag- og göngudeildarkomum hefur verið frestað og heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu fær falleinkunn í athugun á þjónustu hennar.



**TRÚIR Á SAMNING** Heilbrigðisráðherra segist enn bera von í brjósti um að læknadeilan leysist. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

# Liggur hjartveikur á kaffistofunni

Guðni Páll Viktorsson liggur inni á hjartadeild Landspítalans og má ekki fara heim. Í fjóra daga hefur hann legið á spítalanum, nú í sjúkrarúmi á kaffistofu deildarinnar, án þess að vita hvað amar að honum. Engir sjúklingar eru útskrifaðir vegna verkfalls lækna á deildinni.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjanabjorg@frettabladid.is



**HEILBRIGÐISMÁL** Guðni Páll Viktorsson hefur verið fastur á hjartadeild Landspítalans í fjóra daga og liggur á kaffistofu deildarinnar vegna verkfalls lækna.

Guðni Páll kenndi sér meins síðastliðið mánudagskvöld og leitaði aðstoðar á bráðamóttöku. Hann var sendur á Hjartagátt til frekari rannsókna en svo lagður inn á hjartadeild 14EG, sem er eina deild landsins sem sérhæfir sig í þjónustu við sjúklinga með einkenni frá hjarta. Nú liggur hann inni á nokkuð óvenjulegum stað innan deildarinnar, eða á kaffistofu sem er ætluð sjúklingum og starfsfólki. Hann veit enn ekki hvað amar að honum. Vegna verkfalls lækna hefur hann ekki enn undirgengist nauðsynlegar rannsóknir og fær ekki úr því skorið hvert meinið er fyrr en í fyrsta lagi á föstudaginn. Hann er fastur á kaffistofunni því það er ekki hægt að útskrifa hann. Blaðamaður leit inn á hjartadeild og ræddi við Guðna Pál og aðra sjúklinga á deildinni um ástandið.

Kórsöngur tók á móti blaðamanni, fjölmargir sjúklingar sátu á stólum í holinu og hlustuðu á kór syngja: Fögur er foldin eftir Matthías Jochumsson: Kynslóðir koma, kynslóðir fara, allar sömu ævigöng. Ljóð sem minnir á æðruleysi og tímans gang. Margir sjúklingar eru í þeirri stöðu að þurfa að sætta sig við mikla óvissu um eigin heilsu. Þeir sjúklingar sem blaðamaður ræddi við voru rólegir enda lítið annað að gera en bíða. Bíða eftir nauðsynlegum rannsóknum og aðstoð.

„Það fer ekki svo illa um mig,“ segir Guðni Páll. „Ég sef betur hér en inni á herbergi, minna um hrotur og svona,“ segir hann og brosir við. „Ég fer í myndatöku á föstudaginn. Ég veit enn ekki hvað amar að. Mögulega væri ég löngu farinn heim ef ekki væri verkfall en ég er fastur hér því það er ekki hægt að útskrifa mig.“

Rúminu er haganlega komið fyrir í horni kaffistofunnar. Hann geymir dótið sitt í plastpoka rétt við rúmið. Fólk kemur og fer og fær sér kaffisopa eða gægist inn í líftinn ísskáp í kaffistofunni og veitir Guðna Páli litla athygli.

Hann segir fjölskylduna vissulega hafa áhyggjur. „En ég reyni að vera bjartsýnn. Ef eitthvað amar að mér, þá er ég þó á besta stað, á spítala,“ segir hann. Hann segist hafa orðið var við áhyggjur sjúklinga og aðstandenda þeirra á deildinni. „Aðstandendur eru undir miklu álagi. Ég verð var við sorg og áhyggjur,“ segir Guðni Páll.

Í setustofunni sitja nokkrir aðstandendur með sjúklingum og rabba saman. Eldri hjón segjast sallaróleg yfir ástandinu. Eiginmaðurinn heldur fast í hönd eigin-



**MÁ EKKI FARA HEIM** Guðni Páll Viktorsson leitaði aðstoðar á bráðamóttöku á mánudagskvöld og er nú fastur á spítalanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ERUÐ ÞIÐ AÐ MYNDA MAURANA?** Kímnigáfuna vantar ekki þótt staðan sé slæm. Sjúklingi fannst maurar á spítalanum meira vandamál en læknadeilan.

konunnar uppáklæddur en hún í slopp. „Það er bara ekkert við þessu að gera. Þeir leysa þetta á endanum,“ segir hann.

Yngri kona sem er komin til þess að styðja við eiginmann sinn sem á að fara í rannsóknir á föstudaginn segist vissulega hafa áhyggjur. Óvissan sé ekki til að bæta ömurlegt ástand og valdi kvíða hjá bæði sjúklingum og aðstandendum. „Stundum er það þannig að þótt að það séu vondar fréttir, þá vill maður frekar vita en vita ekki.“

Hjúkrunardeildarstjóri deildarinnar, Bylgja Kærnested, segir

ástandið óviðunandi fyrir sjúklinga deildarinnar. „Það eru miklar tafir, engir sjúklingar fá að fara heim. Það er ekki hægt að útskrifa sjúklinga og ekki hægt að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir svo sem hjartaþræðingar, hjartaámanir, gangráðs- ísetningar og fleira. Ástandið er verra en á helgidegi,“ segir Bylgja. „Það eru bara yfirlæknar að störfum þannig að það er margfalt minni mönnum en venjulegt er. Við höfum þurft að bregðast við ástandinu og sumir sjúklinganna eru í innlögn á gangi, þá geymum



**KÓRSÖNGUR** Sjúklingar sátu og hlýddu á ljóð Matthíasar Jochumssonar, Fögur er foldin.

við einn sjúkling í lausu pláss á gjörgæslu og annan á Hjartagátt.“

Guðríður Þórðardóttir vaktstjóri leiðir blaðamann og ljósmyndara um deildina. Hvert herbergi deildarinnar er fullnýtt. Þrjú rúm eru á ganginum en tvö þeirra tóm. Ekki hefur enn þurft að leggja inn sjúklinga í þau auðu. Þótt útlitið sé ekki bjart í samningum á milli ríkis og lækna hafa sumir sjúklinganna ekki enn misst kímnigáfuna. „Eruð þið komin til að mynda maurana?“ spyr eldri maður í slopp á ganginum og skellir upp úr.

„En ég reyni að vera bjartsýnn. Ef eitthvað amar að mér þá er ég þó á besta stað, á spítala.“

Guðni Páll Viktorsson, starfsmaður hjá Össuri.

Uppbyggingar- og þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar verður framtíðarsýn á landnýtingu, uppbyggingu og umhverfisáætlun:

# Keppast um að móta framtíð Keflavíkurflugvallar

**ATVINNA** Sex alþjóðleg fyrirtæki hafa verið valin til samkeppni um mótun uppbyggingar- og þróunaráætlunar (Masterplan) fyrir Keflavíkurflugvöll til næstu 25 ára. Forval var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu í október.

Fyrirtækin hafa öll unnið sambærilegar áætlanir í löndum Evrópska efnahagssvæðisins og/ eða í Norður-Ameríku. Í tilkynningu frá Isavia segir að þau hafi á að skipa sérfræðingum með mikla reynslu í skipulagsmálum flugvallar.

Uppbyggingar- og þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar verður framtíðarsýn á landnýtingu, uppbyggingu flugvallarmannavirkja og umhverfisáætlun.

Ferðamannastraumur um Keflavíkurflugvöll hefur aukist mikið undanfarin ár og er gert ráð fyrir að sú þróun haldi áfram.

Þátttakendur í samkeppninni munu skila inn tillögum sínum 12. janúar næstkomandi og verða eitt eða fleiri fyrirtækjanna valin til þess að vinna fullmótaða áætlun sem liggja skal fyrir í júní á næsta ári.

„Áhuginn sem verkefninu hefur verið sýndur er mjög ánægjulegur. Fyrirtækin búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu og ég er fullviss um að niðurstaðan verður glæsileg fyrir þróun flugvallarins,“ segir Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, í tilkynningu.

## → Eftirtalin fyrirtæki urðu fyrir valinu:

- INECO Ingeniarta Y Economia del Transporte SA á Spáni
- Ramboll A/S í Danmörku
- Naco Netherlands Airport Consultants í Hollandi
- Nordic-Office of Architecture í Noregi
- EC Harris LLP í Bretlandi
- Mott MacDonald LTD í Bretlandi



**ÁHUGASAMIR** Níttján fulltrúar frá fyrirtækjunum sex sem valin voru til hönnunarsamkeppni um uppbyggingar- og þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar kynntu sér flugvöllinn og starfsemi hans í síðustu viku.



**SELFOSS** Talið er að þjófnaðurinn hafi átt sér stað aðfaranótt miðvikudags.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Peningum og kapli stolið:

## Lögregla leitar þjófs á Selfossi

**LÖGREGLUMÁL** Um 130-150 metrum af þriggja fasa koparkapli var stolið af lóð HS veitna á Selfossi aðfaranótt miðvikudags. Talið er að þetta hafi átt sér stað milli klukkan 1.30 og 6 um nóttina. Á sama tímabili var brotist inn í skrifstofu ÞÁ bíla og þaðan stolið peningum. Hjólför voru á vettvangi sem eru sennilega talin vera eftir litla sendiferðabifreið. Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem geta veitt upplýsingar um ferðir bíls og manna á umræddu tímabili að hafa samband í síma 480 1010.

- mhh



**ÓSÁTT** Katrín vill vita meira um skuldaniðurfærsluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Katrín ósátt við svör Bjarna:

## Formaður VG vill skýrari svör

**ALPINGI** Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, er ósátt við viðbrögð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra við fyrirspurn þingmanna VG um skuldaleiðréttinguna. Fjármálaráðherra svaraði fyrirspurnunum ekki efnislega en tók fram að von væri á skýrslu ráðherra um málið á vorþingi.

Katrín sagði meðal annars að ýmsir útreikningar á áhrifum skuldaniðurfærslunnar hefðu verið sýndir í glærusýningu ríkisstjórnarinnar í nóvember og því ættu þau gögn sem þarf til að svara fyrirspurnunum að liggja fyrir nú þegar að minnsta kosti að hluta. „Þetta, virðulegi forseti, eru ekki boðleg vinnubrögð,“ sagði Katrín.

- jhh

## ATVINNULÍF

### Glata áratuga reynslu

„Áratuga reynsla og þekking starfsfólks glatast ef starfsemi fyrirtækisins yrði hætt á Hvolsvelli og flutt á höfuðborgarsvæðið,“ segir byggðarráð Rangárbings eystra sem kveðst harma þá ákvörðun eigenda Glófa ehf. að segja upp starfsfólki saumastofunnar á Hvolsvelli.

# Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja

réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem

þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.





**NÓBELSVERÐLAUNUM FAGNAÐ Í PAKISTAN** Skólanemar í Islamabad héldu á loft myndum af Malölu Yousafzai, sem í gær tók við friðarverðlaunum Nóbels í Ósló. Hún hefur ákaft barist fyrir rétti kvenna til menntunar. NORDICPHOTOS/AFP



**MÓTMÆLENDUR Í HONG KONG** Töluvert hefur fækkað í hópi mótmælanda í Hong Kong í vikunni, en þeir sem enn eru eftir ætluðu að halda kyrru fyrir allt þangað til stjórnmöld láta rýma búðir þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÁSTAND HEIMSINS



**FRELSINU FEGINN Í FRAKKLANDI** Serge Lazarevic, nýkominn til Frakklands eftir að hafa í meira en ár verið gísl uppreisnarmanna í Malí, faðmar þarna François Hollande Frakklandsforseta.

# NOTAÐIR BÍLAR Í MIKLU ÚRVALI



► **Tilboð: 7.690.000 kr.**

**Volvo XC60 Summum D4 AWD ZHZ45**  
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 32.000 km. Í ábyrgð  
Ásett verð: 7.950.000 kr.

## FERÐAFJÖR

Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna **400.000 KR.** GJAFABRÉF FRÁ WOW<sup>air</sup>\*

Hvert myndir þú fara?



► **FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS**




► **Tilboð: 6.990.000 kr.**

**Mitsubishi Pajero Intense 4x4 POY56**  
Skráður september 2012, 3,2Di dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 30.000 km. Ásett verð: 7.790.000 kr.



► **Verð: 2.090.000 kr.**

**Ford Escape Limited YAA76**  
Skráður nóv. 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 109.000 km.



**REISIR HOF Á INDLANDI** Faizul Hassan Qadri, sjötugur maður í bænum Kaser Kalan í héraðinu Uttar Pradesh á Indlandi, tók fyrir þremur árum til við að reisa hof til minningar um eiginkonu sína. Verkinu er ekki lokið en hann hlær þegar íbúarnir líkja byggingunni við hið fræga Taj Mahal.



**HVÍTUR NASHYRNINGUR Í KENÍA** Nashyrningahirðirinn Mohammed Doyo ásamt hvíta nashyrningnum Fatu á Pejeta-verndarsvæðinu í Kenía. Einungis sex hvítir nashyrningar eru enn á lífi, þar af þrír á Pejeta-verndarsvæðinu.

Skoðuðu úrvalið á

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

Notaðir bílar - Brimborg

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



\*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umbodssölubíla.

# DEBENHAMS



**25-50%**

AFSLÁTTUR AF  
ÖLLUM VÖRUM NEMA

**20%** AFSLÁTTUR  
AF SNYRTIVÖRUM\*

**EKKI MISSA AF ÞESSU!  
GILDIR ÚT DAGINN Í DAG**

*Gjafavörudagar*



## NÝTT KORTATÍMABIL

\*Gildir ekki af Viva Glam  
né jólalínu frá MAC

 Finndu okkur á facebook

*Gættu lífid  
skemmtilegra*

Opið í dag frá kl. 11:00 - 22:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# AF ÖLLU HJARTA

Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta.  
Þú færð kortið á þjónustuborði á 1. hæð  
við Hagkaup eða á [kringlan.is](http://kringlan.is)

Kringlan



NÝTT  
KORTATÍMABIL

OPIÐ TIL  
22 ALLA DAGA  
FRAM AÐ JÓLUM



JÓLIN 2014  
AFGREIÐSLUTÍMI

11. des.	fimmtudagur	10 - 22
12. des.	föstudagur	10 - 22
13. des.	laugardagur	10 - 22
14. des.	sunnudagur	13 - 22
15. des.	mánudagur	10 - 22
16. des.	þriðjudagur	10 - 22
17. des.	miðvikudagur	10 - 22
18. des.	fimmtudagur	10 - 22
19. des.	föstudagur	10 - 22
20. des.	laugardagur	10 - 22
21. des.	sunnudagur	10 - 22
22. des.	mánudagur	10 - 22
23. des.	Þorláksmessa	10 - 23
24. des.	aðfangadagur	10 - 13
25. des.	jóladagur	LOKAÐ
26. des.	annar í jólum	LOKAÐ
27. des.	laugardagur	10 - 18
28. des.	sunnudagur	13 - 18
29. des.	mánudagur	10 - 18:30
30. des.	þriðjudagur	10 - 18:30
31. des.	gamlársdagur	10 - 13
01. jan.	nýársdagur	LOKAÐ

Gefðu góða skó



**SOREL YOOT PAC**  
BARNAKULDASKÓR  
Blá og bleik. Stærðir 25-39

**18.990 KR.**



**SOREL WINTER CARIVAL**  
Brúnir og grænir.  
Stærðir 36,5-41

**24.990 KR.**



**SOREL CHEYANNE**  
Svartir og brúnir. Stærðir 41-46

**34.990 KR.**



**ZAMBERLAN TREK LITE**  
Stærðir 40-48

**36.990 KR.**



**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3  
ellingsen.is



**6** ferkílómetrar votlendis hafa verið endurheimtir frá 1993.

**3.900** ferkílómetrar hafa verið ræstir fram, hið minnsta.

**1/8** af framræstu landi er tún og akrar. Restin er lítið nýtt mólendi.

**10%** landsins voru votlendi – helmingur þess hefur verið þurrkaður upp.

## Grófum 33.000 kílómetra af skurðum en landið illa nýtt

Hátt í helmingur alls votlendis á Íslandi hefur verið ræstur fram. Verulegur hluti þess lands er ekki nýttur. Þetta inngríp í náttúruna hefur víðtæk áhrif á hana og endurheimt lands er talin aðkallandi umhverfismál.



**Svavar Hávarðsson**  
svavar@frettabladid.is

Verulegur hluti þeirra 3.900 ferkílómetra lands sem hafa verið ræstir fram hér á landi hefur ekki verið tekinn til túnræktar eða er nýttur sem beitarrand. Áhrif þessa mikla inngríps í náttúru landsins eru víðfeðm, og endurheimt votlendis því talin aðkallandi umhverfismál. Það lýtur ekki síst að losun gróðurhúsalofttegunda.

„Það er mikið af þessu landi sem er ekki beinlínis nýtt til landbúnaðar, og þá vegna þess að töluvert af umræddum jörðum hefur farið í eyði og að menn ræstu líka meira fram en þeir notuðu fyrir tún. En það er rétt, framræsla var miklu meiri en nýting gaf beint tilefni til,“ segir Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri hjá Landgræðslunni, um þá staðreynd að hátt í helmingur af öllu votlendi á Íslandi hefur verið þurrkaður upp með framræslu.

### Sláandi tölur

Tölurnar eru sláandi, má segja. Þurrkað hafa verið upp um 40 prósent alls votlendis. Það er talið vera um 3.900 ferkílómetrar en heildarútbreiðsla votlendis á Íslandi er um 10.000 ferkílómetrar, eða u.þ.b. 10% landsins. Skýringanna á þessum framkvæmdum er að leita aftur til miðrar 20. aldar þegar viðamikil framræsla hófst með það að markmiði að auka framleiðni í landbúnaði. Annars vegar var verið að skapa möguleika til túnræktar á frjósömum mýrarjarðvegi í kjölfar framræslu og hins vegar að skapa nothæf beitilönd. Í þessum tilgangi voru grafnir um 33.000 kílómetrar af skurðum – en til samanburðar er ummál jarðar um miðbaug 40.000 kílómetrar.

Jón Guðmundsson, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, þekkir þessa sögu vel. Athuganir Jóns og annarra vísindamanna benda til að heildarflatarmál á framræstu landi sem flokkað er einfaldlega sem mólendi nemur um 3.400 ferkílómetrum. Tún og akrar eru ekki nema rétt rúmlega 500 ferkílómetrar af viðbættum 25 ferkílómetrum lands sem flokkað sem skóglendi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má ætla að þúsund ferkílómetra votlendis mætti endurheimta með litlum fyrirvara og „án þess að stíga á margar tær“, eins og það er orðað. Þar er átt við að hagsmunir fárra teygi sig inn á þetta tiltekna landsvæði. Það er mikið landsvæði þegar haft er í huga að endurheimt votlendis á tímabilinu 1993 til 2012 voru sex ferkílómetrar þegar allt er talið.

Hér verður að taka fram að langur vegur er frá því að lengd skurða gefi heildstæða mynd; inn í hana vantar allar tölur yfir framræslu vegna annarra framkvæmda s.s. vegagerðar, skógræktar, hönnunar sumarbústaðabygginga og vegna þéttbýlismyndunar – og að á árunum 1962-1993 voru grafnir 62.000 kílómetrar af plógræsum. Því má fullyrða að mat um að 40 prósent votlendis hafi verið ræst fram er gróft vanmat á því votlendi sem hefur verið þurrkað upp.

### Aðkallandi


Í greinargerð starfshóps til umhverfisráðherra vegna nýrra landgræðslulaga er m.a. fjallað um framræslu votlendis á Íslandi. Þar segir: „Töluverðir möguleikar eru á að endurheimta votlendi hér á landi, án þess að skerða hagsmuni landbúnaðar, og er það aðkallandi umhverfismál.“

Það sem vitað er núna, en ekki þegar skurðirnir voru flestir grafnir, er að framræsla votlendis veldur oxun eða bruna á lífrænum efnum í mold sem stuðlar að losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) út í andrúmsloftið. „Þessi losun er mjög mikil á Íslandi. Endurheimt votlendis hefur því mjög fjölbætt gildi bæði sem náttúruverndaradgerð og til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,“ benda nefndarmenn á í fyrrnefndri skýrslu.

Hér er ótalið að framræslan hefur gríðarleg áhrif á vatnshag og búsvæði fjölmargra lífveru- tegunda. Votlendi eru einnig upprunastaður fyrir næringu í ám og vötnum sem mótar m.a. framleiðni vatnakerfa og framleiðni strandsvæða, þar sem eru uppvaxtarstaðir ýmissa fiskistofna og mikilvæg búsvæði margra fuglategunda. Ekki þarf að minna landsmenn á keldusvínið sem er útdautt sem varpflug á Íslandi – en minkurinn á reyndar sinn kafla í þeirri sögu.

### Stórt sem smátt um votlendi á Íslandi

- Þann 31. desember árið 1970 skrifaði Halldór Kiljan Laxness grein í Morgunblaðið sem nefndist Hernaðurinn gegn landinu og fjallaði hún meðal annars um framræslu votlendis. Greinin vakti mikla athygli en þar lýsti Halldór hvernig stór votlendissvæði hefðu verið framræst, oft án þess að landið væri síðan nýtt, með neikvæðum áhrifum á fuglalíf og annað lífríki.
- Votlendi er afar mikilvægt búsvæði fyrir íslenska fugla. Yfir 90% íslenskra varpflugla, umferðarfugla og vetrargesta, byggja afkomu sína að einhverju eða öllu leyti á votlendi.
- Hér á landi verpa að staðaldri um 75 tegundir fugla. Af þeim nota 54 votlendi meira eða minna til varps og fæðuöflunar á varptíma; 31 tegund er algerlega bundin votlendi.
- Margvísleg ferli eiga sér stað í votlendi, svo sem vatnsmiðun, mómyndun og uppsöfnun sets. Sökum þessara ferla hefur óraskað votlendi mikið gildi, sérstaklega hvað varðar vatns- og efnabúskap stærri landslagseininga.
- Á síðari hluta 20. aldar tók votlendi hér á landi miklum breytingum vegna framræslu mýra, tjarna og vatna. Nú er svo komið að á láglandi hafa mýrar víðast hvar verið ræstar fram og lítið er eftir af ósnortnu votlendi.
- Afrennslisvatn úr framræsluskurðum er mjög mengað mýrarauda. Skurðvatn litast mýrarauda berst í vötn og tjarnir og spillir lífríki þeirra og þar með fæðuskilyrðum fugla sem leita sér fæðu við vatnsbakka. Umtalsverð neikvæð áhrif á hrygningar- og uppeldisstöðvar laxfiska, áls og jafnvel hornslís eru óumdeild.



**KELDUSVÍN** Útdautt sem varpflug á Íslandi, aðallega vegna framræslu votlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Heimild: Endurheimt votlendis 1996-2006. Skýrsla votlendisnefndar.

### Vatnsmiðun

„Votlendið er líka hin náttúrulega flóðavörn. Það tekur til sín úrkomu og safnar vatninu og geymir. Því skilar votlendið hægt og rólega til baka. Það sem er búið að gerast hér og erlendis er að með framræslu hættir þetta kerfi að virka og ein ástæða þess að menn eru að lenda í vanda vegna flóða erlendis. Hér lendum við ekki í vandræðum af því að engar stórborgir eru til að lenda fyrir vatninu,“ segir Guðmundur og bætir við að flóðum fylgi hins vegar landeyðing margs konar. „Þessi vatnsmiðun er gríðarlega mikilvæg fyrir landið yfirleitt en það er búið að raska henni svo mikið að hún er hvorki fugl né fiskur miðað við það sem hún annars væri,“ segir Guðmundur.



“Votlendið er líka hin náttúrulega flóðavörn. Það tekur til sín úrkomu og safnar

vatninu og geymir. Því skilar votlendið hægt og rólega til baka. Það sem er búið að gerast hér og erlendis er að með framræslu hættir þetta kerfi að virka og ein ástæða þess að menn eru að lenda í vanda vegna flóða.



## Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum  
miðborgarinnar

# Þú færð jólagjafirnar í miðborginni!

**OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA\***

Jólabærinn Ingólfstorgi opnar í dag kl. 16:00 með borgarstjóra,  
Leppalúða, geithafri hans og syngjandi jólavættum.

Sjá opnunartíma Jólabæjarins á [facebook.com/jolabaerinn](https://facebook.com/jolabaerinn)

**Finndu fimm jólavættir á veggjum miðborgarinnar í  
Jólavættaratriknum og fáðu verðlaun!**

Nánari upplýsingar á [jolaborgin.is](http://jolaborgin.is) og [midborgin.is](http://midborgin.is)

**Skoðið Jóladaatal Miðborgarinnar okkar:**

Nánari upplýsingar á [facebook.com/midborgin](https://facebook.com/midborgin)

**Jólaverkstæði barnanna**

í Ráðhúsinu 5. desember – 6. janúar

**Jólatónleikar í Evrópustofu,**

Suðurgötu 10 í dag kl. 17.00. Allir velkomnir, frír aðgangur og jólalegar veitingar.

\*nema næsta sunnudag til kl. 18:00



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM JÓLAHJARTAÐ SLÆR!  
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN — JOLABORGIN.IS



Staðfesti heimild yfirvalda til að grípa til aðgerða vegna hindrana við úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum:

## Dómsniðurstaða EFTA sigur fyrir WOW

**STJÓRNSÝSLA** EFTA-dómstóllinn staðfesti í gær heimild samkeppnisfyrvalda til að grípa til aðgerða í tilefni af samkeppnishindrunum sem leiða af úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum með skammtaðan afgreiðslutíma.

Aðdragandi málsins var sá að WOW air kvartaði til Samkeppniseftirlitsins yfir fyrirkomulagi við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að fyrirkomulag-



**PÁLL RÚNAR M. KRISTJÁNSSON**

samkeppnismála sem komst að öndverðri niðurstöðu og endaði

íð hafði skaðleg áhrif á samkeppni og hindraði komu nýrra aðila inn á markaðinn fyrir áætlanarflug frá Íslandi. Málinu var áfrýjað til áfrýjunarnefndar

málið því hjá dómstólum. Héraðsdómur ákvað að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins og ákvað dómstóllinn að málið sætti flýti-meðferð.

Í dómi EFTA er staðfest að samkeppnisfyrvöld geta haft afskipti af samkeppnishindrunum sem leiða af úthlutun afgreiðslutíma. Því er slegið föstu að svonefndur hefðarréttur á afgreiðslutímum komi ekki í veg fyrir íhlutun samkeppnisfyrvalda. Á grundvelli hefðarréttar

hafa flugfélög sem áður nutu mikilla forréttinda ráðið yfir mikilvægustu afgreiðslutímumunum.

„Þetta er stór sigur fyrir WOW air. EFTA-dómstóllinn er skýr, Samkeppniseftirlitið hefur ótakmarkaðar almennar heimildir til íhlutunar gagnvart Icelandair vegna þessara afgreiðslutíma. Það þýðir að WOW er í miklu betri stöðu núna en fyrir niðurstöðuna,“ segir Páll Rúnar M. Kristjánsson, lögmaður WOW air.

- fbj



**AFGREIÐSLUTÍMAR** Lögmaður WOW air segir félagið vera í miklu betri stöðu núna en fyrir niðurstöðu EFTA-dómstólsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTÍN MARÍA SIGÞÓRSÓTTIR

**Amab Adama**  
**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR**  
 Í TILEFNI AF  
 ÚTGÁFU PLÖTUNNAR  
**„HEYRÐU MIG NÚ“**  
**FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ**  
**18. DESEMBER**  
**GAMLA BÍÓ**  
 GINGÓLSSTRETI 2A, 101 REYKJAVÍK  
**FORSALA MIÐA Á MIÐLIS**  
**MIÐAVERÐ 2500 KR.**  
**HÚSIÐ OPNAR KL. 21:00**  
**HEFST KL. 22:00**

**TUBORG** LÉTTÓL

**Record Records**



**FRÍÐARVERÐLAUNAHAFAR** Malala Yousafzai og Kailash Satyarthi með verðlaun sín í ráðhúsi Óslóborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hefur barist hart gegn barnaþrælkun

Nóbelsverðlaunin voru afhent í Ósló og Stokkhólmi á fæðingardegi Alfreds Nobel. Indverjinn Kailash Satyarthi og pakistanska stúlkan Yousafzai Malala skiptu með sér friðarverðlauninum. Sú síðarnefnda er yngsti Nóbelsverðlaunahafi sögunnar.

**NOREGUR OG SVÍPÍÓÐ** Nóbelsverðlaunin voru afhent í gær. Venju samkvæmt voru friðarverðlaunin afhent í ráðhúsi Óslóborgar en önnur verðlaun hafa Svíar á sinni könnu og voru þau afhent í óperuhúsi borgarinnar. Verðlaunin hafa verið afhent frá árinu 1901 að undanskildum heimsstyrjaldarárunum 1940-42. Verðlaunin í hagfræði bættust við flórana árið 1968.

Friðarverðlaunin hlutu hin pakistanska Malala Yousafzai og Indverjinn Kailash Satyarthi. Yousafzai hefur barist fyrir því að stúlkur í heimalandi hennar fái að mennta sig til jafns við stráka.

„Ég er stolt af því að vera yngsti Nóbelsverðlaunahafi sögunnar og jafnframt fyrsti Pakistaninn til að hljóta þau,“ sagði Yousafzai í ræðu sinni við athöfnina. Hún taldi enn fremur líklegt að hún væri eini Nóbelsverðlaunahafinn sem myndi enn slást við yngri bræður sína. Áður var Lawrence Bragg yngsti verðlaunahafinn en hann var 25 ára er hann hlaut eðlisfræðiverðlaunin árið 1915 fyrir rannsóknir sínar á röntgengeislum.

Satyarthi hlaut verðlaunin fyrir baráttu sína gegn barnaþrælkun en talið er að samtök hans hafi losað hátt í 100.000 börn úr böndum þrælkunar. Við verðlaunaafhendinguna hljóp maður upp á sviðið og veifaði mexíkóska fánanum áður en hann var snarlega fjarlægður af öryggisvörðum.

Norsku hjónin May-Britt Moser og Edvard Moser deildu verðlaunum í læknisfræði með hinum bresk/bandaríska John O'Keefe. Þau uppgötvaðu frumur í heilanum sem gera mönnum kleift að átta sig á rýminu í kringum sig. Uppgötvun þeirra mun koma að gagni í baráttunni við Alzheimers-sjúkdóminn en erfiðleikar við að rata eru meðal fyrstu ein-kenna hans.

Verðlaunin í bókmenntum og hagfræði féllu í skaut tveggja Frakka. Patrick Modiano gaf sína fyrstu bók út árið 1968 og hefur síðan þá gefið út fjöldann allan af ritum. Verk hans fjalla oft um hluti tengda sjálfsvitund, gleymsku og sektarkennd. Modiano er lítt þekktur utan heimalands síns en fá verka hans hafa verið þýdd yfir á önnur tungumál.

„Það er auðvelt að ímynda sér að rithöfundar eigi auðvelt með að flytja ræður en sannleikurinn er sá að oft eigum við í vandræðalegu sambandi við rödd okkar,“ sagði Modiano í þakkar-ræðu.

Landi hans, Jean Tirole, hlaut verðlaunin í hagfræði fyrir rannsóknir sínar á markaðsstyrk og regluverki. Í umsögn Nóbelsnefndarinnar segir að Tirole hafi með rannsóknum sínum sýnt hvernig hægt sé að stýra mörkuðum með löggjöf þar sem lítil samkeppni sé til staðar.

Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði féllu í skaut Japananna Hiroski

„Ég er stolt af því að vera yngsti Nóbelsverðlaunahafi sögunnar og jafnframt fyrsti Pakistaninn til að hljóta þau.

Malala Yousafzai, friðarverðlaunahafi.

„Það er auðvelt að ímynda sér að rithöfundar eigi auðvelt með að flytja ræður en sannleikurinn er sá að oft eigum við í vandræðalegu sambandi við rödd okkar.

Patrick Modiano, bókmenntaverðlaunahafi.

Amano, Isamu Akasaki og Shuji Nakamura. Þeir, í sameiningu, fundu upp bláar ljósdíóður sem þurfa minni orku en þeir ljósgjafar er áður þekktust. Flest njótum við góðs af því í dag en tæknin hefur meðal annars nýst í far-síma og sjónvörp dagsins í dag.

Þrír skiptu með sér Nóbeldnum í efnafræði. Bandaríkjamennirnir Eric Betzig, William Moerner og Þjóðverjinn Stefan Hell voru heiðraðir fyrir að búa til smásjá sem gerir vísindamönnum kleift að skoða smærri hluti en þekktist áður. Þökk sé þeim er nú hægt að kafa inn í frumur og fylgjast með prótínum og öðrum sameindum.

johannoli@frettabladid.is

# Notaleg jólastemning í Garðheimum!

20% AFSLÁTTUR

AF JÓLATRJÁM,  
JÓLASKRAUTI OG SERIUM

HEITT KAKÓ  
Í JÓLATRJÁA-  
SKÓGINUM

VIÐ STYRKJUM  
MÆBRASTYRKSNEFND


SPÍRAN

JÓLAHLABBORÐ SPÍRUNNAR  
ALLA FIMMTUDAGA OG FÖSTUDAGA FRAM AÐ JÓLUM

GÓÐAR JÓLAGJAFIR

ULLARTEPPI  
FRÁ SVEINBJÖRGU  
19.500KR

OPIÐ TIL 22  
FRAM TIL JÓLA



GARÐHEIMAR


Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

TILBOÐIN GILDA FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS





# MEST SELDA BÓK LANDSINS!



„Það sem er heillandi við skrif hans er hvernig hann fylgir lögreglurannsókn frá upphafi til enda á **mjög trúverðugan hátt** ... það er nánast eins og Arnaldur hafi tekið þátt í rannsókninni ...“

SÓLRÚN LILJA RAGNARSDÓTTIR / DV



„Þetta er ekki aðeins glæpasaga heldur má flokka hana undir **fagurbókmenntir** ...“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Það er **enginn íslenskur glæpasagna-höfundur sem gerir betur** en Arnaldur.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN



„Arnaldur er **fantagóður** í þessari nýjustu bók sinni og fléttar saman alla þræði af mikilli list.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

„Glæpamálið er ekki endilega í lykilhlutverki, áherslan er á að fjalla um samfélagið og rýna í ýmsar hliðar þess ... Annað einkenni sem nýtur sín sérlega vel hér er hinn **meitlaði stíll** höfundar ...“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

  
VAKA-HELGAFELL





**SKILABOÐ** Sjúklingar muna frekar eftir að taka lyfin sín fái þeir SMS-skilaboð um það.

## Minnt á töku lyfja með SMS

SMS-skilaboð til sjúklinga um töku lyfja virka vel, að því er niðurstöður breskrar rannsóknar gefa til kynna.

Vísindamenn fylgdust með rúmlega 300 sjúklingum með háan blóðþrýsting og mikið magn blóðfitu og var helmingur þeirra minntur með SMS-skilaboðum á að taka lyfin sín inn.

Rannsóknin leiddi í ljós að af þeim sem fengu skilaboð mundu fleiri eftir að taka inn lyfin reglulega, eða alls 16 prósent.

Gleymiska sjúklinga er víða vandamál og leggja vísindamennirnir til að SMS-skilaboð verði notuð oft en nú er gert.

- ibs

# Veikjast af jólamat og skrauti

Tryggingafélag hvetur eigendur gæludýra til að gæta þess að þau slasi sig ekki á jólskrauti og gæði sér á jólamat og jólasælgæti. Hundarnir og kettirnir geta veikst og ástand þeirra jafnvel orðið lífshættulegt.

**Ingibjörg Bára Sveinsdóttir**  
ibs@frettabladid.is

Konfekt og glitþræðir og margt annað sem tilheyrir undirbúningi jóllanna fer illa í hunda og ketti og stundum svo illa að dýrin verða fávæik. Við þessu er varað í fréttatilkynningu sem sænskt dýratryggingafélag, Sveland djurforsákringar, hefur séð ástæðu til að senda frá sér nú á aðventunni.

Hundar eru sólgirnir í súkkulaði og ýmislegt annað góðgæti sem er á borðum á aðventunni en bæði hundar og kettir geta orðið fávæikir af því sem þeir gæða sér á á þessum árstíma.

Kristbjörg Sara Thorarensen, dýralæknir á Dýraspítalanum í Garðabæ, segir töluvert leitað á dýraspítalanum í kringum hátíðirnar. Margar hefðir hátíðanna henti ekki gæludýrum. „Til dæmis getur reykt og saltað kjöt ásamt súkkulaði valdið alvarlegum veikindum hjá hundum og köttum. Margir kettir eru glysgjarnir og hrifast af pakkaböndum sem sumir éta. Það getur leitt til mjög alvarlegra veikinda í meltingarfærum sem í sumum tilfellum endar með skurðaðgerð til þess að fjarlægja aðskotahlutinn. Einnig ber að hafa í huga að þótt plöntur eins og jólarósín séu fallegar er hún eitruð fyrir ketti.“

Á heimasíðu sænska dýratryggingafélagsins er listi með ýmsu sem hafa ber í huga til þess að gæludýrin njóti jóllanna eins og aðrir á heimilinu.



**HJÁ DÝRALÆKNINUM** Hrafna, sem er af kyninu Siberian husky, og Gerard, af kyninu Petit brabancon, hjá Kristbjörgu Söru Thorarensen, dýralækni á Dýraspítalanum í Garðabæ. Hún segir að töluvert sé leitað á dýraspítalanum með gæludýr í kringum hátíðirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## → Hættulegur jólamatur

**Súkkulaði** Efnið teóbrómín, sem er í kakói, getur valdið eitrun hjá dýrum. Einkennin eru ógleði, uppköst, niðurgangur og þvagleki. Efnið getur einnig valdið flogaköstum, innri blæðingum og hjartaáfalli.

**Rúsínur og kúrenur** Neysla rúsína og kúrena getur valdið xylitol-eitrun hjá hundum og köttum. Einkennin eru uppköst, niðurgangur, þreyta og svimi.

**Beiskar möndlur** Sýaníð í möndlunum getur verið banvænt sé þess neytt í miklu magni. Einkennin eru máttleysi, ógleði, uppköst og meðvitundarleysi.

**Laukur** Í lauk er efnið allísín sem getur valdið eitrun hjá hundum og köttum. Einkennin eru blóðleysi, lystarleysi, niðurgangur, uppköst, hröð öndun og hraður hjartsláttur auk kvíðverka.

## → Hættulegt jólskraut

**Glitþræðir og pakkabönd** Ef dýr gleypra glitþræði og pakkabönd geta þau orðið alvarlega veik í meltingarfærum.

**Glerkúlur** Hundar og kettir geta skorið sig á glerkúlum og öðru jólskrauti sem brotnar.

**Aðventustjakar** Það getur kviknað í rófum á köttum sem rekast utan í kertaljós. Hundar geta líka velt kertastjökum um koll.

**Jólatrésfóturinn** Ekki er skynsamlegt að setja áburð fyrir jólatréð í vatnið í jólatrésfætinum. Hundar og kettir eiga það til að leppa vatnið.

**Jólarós** Blómið getur valdið eitrun hjá köttum.

ibs@frettabladid.is

# Góðar jólagjafir

**ICEPEAK**  
Lúffur og hanskar á börn og fullorðna.

**salomon**

**ATOMIC**

- Svigskíði
- Fjallaskíði
- Gönguskíði
- Snjóbretti

Tökum notaðan skíða- og brettabúnað upp í nýjan

**jólatilboð 20% afsl.**

**pinguin**  
Mikið úrval af svefnpokum frá PINGUIN og ROBENS

**Bergans**  
100% merino ullarfatnaður á alla fjölskylduna

Fjölbreytt úrval af bakpokum frá SALOMON, LOWE, ALPINE og PINGUIN

**LOWE alpine**

**POC**

**ATOMIC**

**salomon**

Íslensku

## ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 // 108 Reykjavík  
Sími 534 2727 // www.alparnir.is

[www.alparnir.is](http://www.alparnir.is)

Góða gæði  
 Betra verð

Tengsl efnahagsþrenginga og hollustu:

## Borðuðu óhollari mat en þeir efnameiri

Fólk sem átti erfitt með að ná endum saman árin 2010-2011 borðaði óhollari mat en þeir efnameiri. Efnaminni neyttu minna af grænmeti, ávöxtum og grófu brauði og drukkum meira af sykrudum gosdrykkjum.

Á sama tímabili var hins vegar borðað meira af grófu brauði, hafragraut, ávöxtum, grænmeti og kjöti og fleiri tóku lýsi 2010-2011 en 2002, en fiskneysla stóð í stað. Minna var borðað af brauði, kexi og kökum, vörum úr farsí, smjörliki og snakki og minna drukkid af nýmjólk og sykrudum gosdrykkjum en árið 2002.

Þetta kemur fram í frétt á vef landlæknis þar sem vitnað er í grein í nýjasta tölublaði Læknablaðsins.

Þar eru bornar saman niðurstöður úr tveimur síðustu landskönnunum á mataræði, árin 2002 og 2010-2011, og könnuð tengsl hollustu fæðisins við erfiðleika fólks við að ná endum saman.

Einnig er lýst breytingum á hlutfallslegri skiptingu orkuefna í fæði frá 1990. Fituneysla minnkaði frá 1990 til 2010-2011 úr 41 prósent í 35 prósent af orkunni, mettaðar fitusýrur úr 20 prósentum í 14,5 prósent af orkunni og transfitusýrur úr 2 prósentum í 0,8 prósent af orkunni. Stærstur hluti breytinganna varð milli árána 1990 og 2002.

- ibs

Dönsk rannsókn á jólaundirbúningnum:

## Konur sjá oftast um kaup á jólagjöfum

Fleiri konur en karlar í Danmörku sjá um jólagjafainnkaup í samböndum gagnkynhneigðra. Þetta segir í frétt á vef Politiken sem vitnar í nýja könnun. Í 60 prósentum sambandanna eru það konurnar sem kaupa flestar gjafir en í 4 prósentum sambandanna kaupa karlar flestar gjafir. Í 15 prósentum sambandanna kaupa þörin allar gjafir saman en 21 prósent upplifir að skiptingin sé jöfn.

Mikill meirihluti, eða 88 prósent, er sammála maka sínum um hversu margar gjafir eigi að kaupa, um verð á þeim og svo framvegis. Karlar fara seinna af stað í jólagjafainnkaupin en konur.

- ibs





Peysa  
6.495



Kimono  
8.995

# Kjólar, koddar og kertí <sup>♡</sup>

Bjódum upp á mikið úrval af jólagjöfum fyrir heimilið, þig og alla þá sem þér eru kærir.



Lina  
4.495 kr.



Velvet  
8.995 kr.



Ajana  
9.995 kr.



Kelsie  
7.495 kr.



**BORGARAR OG RIF** Fyrsti staðurinn var opnaður í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Dirty Burger & Ribs stækkar: Opna nýjan stað við Austurstræti

Til stendur að opna útibú Dirty Burger & Ribs við Austurstræti. Eigendur hamborgarastaðarins hafa fest kaup á húsnæði við Austurstræti 10 þar sem veitingastaðurinn Trío var áður til húsa.

Dirty Burgers & Ribs var opnaður í skúr á Miklubraut til móts við Kringluna 9. ágúst. Eigandi staðarins er Michelin-kokkurinn Agnar Sverrisson. - ktd

## Verðbólguvæntingar minnka: SA ánægð með lækkun vaxta

Samtök atvinnulífsins (SA) segja ákvörðun Seðlabankans um að lækka stýrivexti um 0,5 prósentustig vera jákvætt skref sem eigi eftir að koma fyrirtækjum og heimilum til góða.

Þetta kom fram í tilkynningu sem SA sendu frá sér í gær. Þar segir einnig að verðbólguvæntingar stjórnenda hafi farið minnkandi og að þær hafi ekki verið minni síðastliðin fjögur ár.

„Að jafnaði vænta stjórnendur 2,5 prósentu verðbólgu næstu 12 mánuði sem er í samræmi við verðbólguþátt Seðlabankans,“ segir í tilkynningunni. - hg

# Hagstofan stendur við tölur sínar um minni hagvöxt

Seðlabankastjóri telur Hagstofuna þurfa að endurskoða tölur um hagvöxt á árinu og segir þær „verulega á skjön“ við aðrar vísbendingar. Svíðsstjóri hjá Hagstofunni segir stofnunina standa við niðurstöðurnar.

„Þetta er bara hluti af þessari reglubundnu vinnu okkar og það er ekkert í þessum niðurstöðum sem við höfum séð ástæðu til að breyta,“ segir Rósmundur Guðnason, svíðsstjóri efnahagssviðs Hagstofu Íslands, spurður hvort stofnunin ætli að endurskoða hagtölur sem birtar voru í síðustu viku og sýndu 0,5 prósentu hagvöxt á fyrstu níu mánuðum ársins.



**RÓSMUNDUR GUÐNASON**

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði tölurnar vera „verulega á skjön“ við aðrar vísbendingar um þróun eftirspurnar á vaxtaákvörðunarfundi bankans í gær. Tölurnar birtust í Hag-tíðindum þann 5. desember og komu mörgum á óvart þar sem þær sýna hægan vöxt einkaneyslu. Það gengur þvert á fyrri spár Seðlabankans, Hagstofunnar og greiningardeilda bankanna um að hagvöxtur hér verði um þrjú prósent á árinu.

„Við teljum að það sé hugsanlegt að hagvöxtur verði eitthvað lægri og hafi verið lægri á þessum seinnihluta ársins en við vorum að spá og kannski smitar það yfir á næsta ár. En við teljum fulla ástæðu til að túlka þessar tölur

með mikilli varúð. Það eru ýmsar vísbendingar um að eitthvað hafi farið úrskeiðis við þessa mælingu og þess vegna er ekki alveg hægt að taka hana bókstaflega,“ sagði Már á fundinum í gær.

Seðlabankastjóri benti á að samkvæmt tölunum hefur nafnvirði landsframleiðslu aukist um 5,8 prósent frá þriðja ársfjórðungi í fyrra en samdráttur í raungildi landsframleiðslunnar verði um 0,2 prósent.

„Sem þýðir að verðbólgan á þennan mælikvarða er sex prósent. Þá ættum við auðvitað ekki að vera að lækka stýrivexti,“ sagði Már og hélt áfram:

„Og síðan ef við notum sömu skoðun á einkaneysluna og fáum út verðvísitölu einkaneyslu þá er hún alveg út úr korti miðað við vísitölu neysliverðs eins og hún er mæld mánaðarlega af Hagstofunni. Þannig að við teljum ástæðu til að skoða þetta betur og sjá hvað endurskoðanir leiða í ljós,“ sagði Már.

Á fundinum benti Arnór Sigvatsson aðstoðarseðlabankastjóri einnig á að innflutningur hér hafi aukist um fjórtán til fimmtán prósent milli ára.

„Það bendir þvert á móti til þess að það sé verulegur vöxtur í innlendri eftirspurn, annars væri þessi innflutningur ekki að aukast með þessum hætti,“ sagði Arnór.



**ARNÓR OG MÁR** Seðlabankastjóri var klæddur í jólaþeytu þegar hann kynnti ákvörðun peningastefnunnar Seðlabankans um að lækka stýrivexti um 0,5 prósentustig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rósmundur segir það geta verið að hluti af tölum um innflutning á þriðja ársfjórðungi eigi ekki eftir að skila sér fyrr en á fjórða ársfjórðungi.

„Þá er niðurstaðan ekki alveg ljós fyrr en eftir árið. Við könnu hvað er til í birgðum hjá framleiðslufyrirtækjunum en ekki hjá verslunarfyrirtækjum, enn sem komið er, og það hefði hugsanlega getað skýrt eitthvað af þessu en

enn sem komið er eru áhrif þess ekki ljós,“ segir Rósmundur.

„Við teljum hins vegar að það sé enginn munur á þessu og öðrum áætlunum sem við höfum gert. Það virðist vera meiri samdráttur á þriðja ársfjórðungi. En svo verður spennandi að sjá hvernig jólin koma út en þá ætti einkaneyslan að aukast. Þessar tölur verða svo endurskoðaðar þegar við birtum fyrstu niðurstöður fyrir árið.“ haraldur@frettabladid.is

# ambiente the show

Sjáðu spegilmýndina af heimsmarkaðnum. Upplifðu allar hliðar af alþjóðlegu neytendavörugreininni og einstakt róf söluvara. Á sérsýningunni Giving biða óteljandi hugmyndir gjafavara. Þar getur þú nýtt þér samlegðaráhrifin og sett saman þitt eigið megin- og viðbótar vöruúrval. Þetta er sýningin sem skilgreinir velgengni þína.

Upplýsingar og miðar á forsöluverði: [ambiente.messefrankfurt.com](http://ambiente.messefrankfurt.com)

Sími: +45 39 40 1122  
dimex@dimex.dk

13. – 17. 2. 2015



messe frankfurt



**NORÐURTURNINN** Baðhúsið hefur verið rekið á annarri hæð byggingarinnar sem er nú alls fjórtán hæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Forstjóri Regins vísar gagnrýni Lindu Pé á bug: Harma að loka hafi þurft Baðhúsinu

„Auðvitað hörmum við að þessi rekstur hafi ekki gengið en við lögðum okkur öll fram um að koma til móts við þennan leigutaka,“ segir Helgi Gunnarsson, forstjóri fasteignafélagsins Regins, um ákvörðun Lindu Pétursdóttur um að loka líkamsræktarstöðinni Baðhúsinu í Smáralind á hádegi í gær.

Linda sendi fjölmiðlum harðorða fréttatilkynningu í gær þar sem hún segir útilokað að reka baðhús í „hálfkláruðu húsnæði undir dynjandi hamarshöggum og starfandi iðnaðarmönnum“. Baðhúsið var rekið á annarri hæð Norðurturmsins við Smáralind en framkvæmd um á efri hæðum byggingarinnar er ekki enn lokið.

„Rekja má erfiðleikana til þess að húsnæði Baðhússins í Smáralind var afhent mun síðar en upphaflega var áætlað og var og er enn í ófullnægjandi ástandi. Því



**LINDA PÉTURSDÓTTIR**



**HELGI S. GUNNARSSON**

miður hefur þetta verið sorgarsaga í Smáralind frá upphafi til enda í um eitt ár,“ segir í tilkynningu Lindu.

„Við teljum okkur hafa staðið við allt sem samið var um,“ segir Helgi.

Í tilkynningu Lindu kemur fram að þeir sem eigi líkamsræktarkort í Baðhúsinu geti nýtt þau út gildistímann í Sporthúsinu í Kópavogi.

- hg





netto

Í JÓLASKAPI

VERÐ  
SPRENGJA



**GRÍSABÓGUR**  
hringskorinn frosinn  
**399** kr/kg



**Tilboðin gilda 11.-14. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

[www.netto.is](http://www.netto.is) | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

# Við erum

## MacBook Pro

2.5GHz tveggja kjarna Intel i5 örgjörvi  
Turbo Boost í allt að 3,1GHz  
4GB 1600MHz vinnsluminni  
500GB harður diskur  
CD/DVD drif  
Intel HD Graphics 4000  
Innbyggð rafhlaða (allt að 7 klst.)  
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

## MacBook Pro 13"

Afmælistilboð:

**179.990.-**

Fullt verð: 199.990.-




Takmarkað magn

## Mac mini

Ótrúlegt afl í nettum umbúðum

Takmarkað magn



Afmælistilboð **89.990.-**

Fullt verð 99.990.-

1.4GHz dual-core Intel Core i5 - Turbo Boost í allt að 2,7GHz  
4GB 1600MHz vinnsluminni - 500GB harður diskur  
USB 3 og Thunderbolt 2 tækni

## iPad mini Retina

16GB Wi-Fi

Afmælistilboð

**49.990.-**

Fullt verð 56.990.-



Allt sem þú kannt vel við iPad er líka í iPad mini; skarpur og falletgur skjár, hraði og öflug afkastageta, hundruð þúsunda forrita, 10 klst. rafhlöðuending - og hann fer vel í lófa.

ATH: Aðeins hvítir eru á tilboði

# 6 ára í dag

Frábær afmælistilboð, aðeins í dag

Takmarkað magn

## Allir iPodar á **25%** afslætti



iPod shuffle  
Afmælistilboð  
**7.493.-**  
Fullt verð 9.990.-



iPod nano  
Afmælistilboð  
**22.493.-**  
Fullt verð :29.990.-



iPod touch  
Afmælistilboð  
Verð frá **37.493.-**  
Fullt verð frá 49.990.-



ZIPP - hátalarar  
1. kynslóð Afmælistilboð  
**49.990.-**  
Fullt verð 59.990.-  
Léttur þráðlaus hátalari  
með innbyggðri rafhlöðu.



Pantone  
Afmælistilboð  
**50% afsláttur**  
Hulstur og hlífar fyrir  
iPad og iPhone

ölloclip



Olloclip  
Afmælistilboð  
**30% afsláttur**  
Frábærar linsur fyrir alla  
iPhone síma

SKULL  
CANDY  
Heyrnartól



Skullcandy  
Afmælistilboð  
**2 fyrir 1**  
Þú kaupir ein heyrnartól  
og færð önnur alveg eins  
fritt með.



Fékk CIA að fara um Reykjavíkurflugvöll með skynhefta fanga í hlekkjum og skítinn í bleyjunni?

## Sköðunar er þörf

Fagna ber birtingu leyniþjónustunefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings á skýrslu um pyntingar sem CIA, leyniþjónusta Bandaríkjanna, beitti undir yfirsikni baráttunnar við hryðjuverk. Um er að ræða stríðsglæpi sem ekki eiga að líðast. Líður í því að slíkt endurtaki sig ekki er að upplýst verði að fullu um athæfið nú.

Vonandi ná fram að ganga kröfur um að bandarískir ráða- og embættismenn, sem stóðu að óhugnaðinum, verði sóttir til saka fyrir athæfið

**Óli Kristján Ármannsson** olikr@frettabladid.is

Í yfirlýsingu mannréttinda-fultrúa Sameinuðu þjóðanna í gær er enda bent á að sækja eigi fólk til saka fyrir pyntingar, rétt eins og fólk sé sótt til saka fyrir aðra glæpi, hvort sem viðkomandi hafi sjálfir tekið þátt í pyntingum, gefið öðrum skipanir um að pynta eða gert

öðrum auðveldara fyrir að pynta. „Þeir geta ekki bara notið refsileysis vegna pólitískrar hentistefnu,“ segir í yfirlýsingunni sem vitnað er til í umfjöllun Fréttablaðsins í dag.

Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna, rifjaði upp í umræðum á Alþingi í gær að Ísland væri meðal þeirra landa sem heimilað hefðu CIA flug með fanga í lofthelgi sinni. Slíkar vélar hafa líka lent hér og tekið vistir, án þess þó, að því er virðist, að gengið hafi verið úr skugga um hvort fangar væru um borð.

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu leyniþjónustunefndarinnar bandarísku þá gæti flutningurinn sjálfur jafnvel flokkast sem pynting vegna þeirrar meðferðar sem fangarnir voru látnir sæta. Vitnað er til nokkurra skýrsla CIA þar sem aðferðum við fangaflutninginn er lýst og ljósmyndir birtar af flutningnum.

Á myndunum kemur fram að fangarnir hafi alla jafna verið með hettu á höfði og hlekkjafir á höndum og fótum. „Fangarnir voru látnir vera með eyrnaskjól til að skerða heyrn þeirra og þau voru venjulega fest með einangrunarlímbandi sem vafði var um höfuð fangans. Fangar CIA voru látnir klæðast bleyjum og neitað um að nota salerni um borð í flugvélinni,“ segir í skýrslunni.

Þá kemur fram að farið hafi eftir flugvélinni hvort fangarnir voru bundnir í sæti, eða hafðir í böndum á gólfi vélarinnar, líkt og um farm væri að ræða.

Nógu skammarlegt er fyrir þessa þjóð að ráðamenn hafi látið hafa sig út í að vera á lista „viljugra þjóða“ sem studdu innrásina í Írak á upplognum sökum um geryðingarvopn, þótt hún sé ekki líka bendluð við glæpsamlegar pyntingar Bandaríkjamanna.

Upplýsa þarf um hver vissi hvað í íslensku stjórnkerfi í tengslum við fangaflug leyniþjónustu Bandaríkjanna. Eitt er að standa að pyntingum og annað að liðka fyrir eða stuðla að slíku framferði með aðgerðum eða aðgerðaleyssi. Refsilaut á það ekki að vera hafi hér innanlands einhver vitandi lagt slíkum glæpum lið. Í öllu falli þarf að upplýsa um málið.

Fyrst Bandaríkjamenn sýna þann manndóm að ráðast í svo erfiða tiltekt hjá sér, þá ætti það ekki að vefjast fyrir okkur.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Málflutningur sem fer ekki saman

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra var beittur í svörum sínum á Alþingi á þriðjudag í óundirbúnum fyrirspurnartíma. Rætt var um kjaradeilu lækna og beindi Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, þeirri spurningu til ráðherra hvort málflutningur hans um þjóðarsátt í heilbrigðismálum myndi ekki skila sér inn í læknaeðluna. Bjarni sagði erfitt að fylgja þeirri slóð ef orðið verður

við kröfum lækna um margra tuga prósentu hækkun. „Í ljósi þess að almennur læknir á Landspítalanum er með um 1,1 milljón á mánuði í heildarlaun og yfirlæknar með um 1.350 þúsund í heildarlaun,“ sagði Bjarni og velti því upp hvort sanngjarnt væri að við þessar fjárhæðir bætist um ein meðalmánaðarlaun fólks í landinu.

#### Tvískinnungur

Bjarni gagnrýndi málflutning stjórnarandstöðunnar í heild sinni í kjölfarið;

að vera annars vegar hlynt sérstöku rúmlega 6% tekjuskattsþrepi og hins vegar að tala fyrir launahækkunum til þeirra sem eru með meira en tvöföld meðallaun í landinu.

Einnig að tala um að beita eigi skattkerfinu til tekjujöfnunar en að það verði að hækka laun þeirra sem eru best stæðir í landinu um jafnvel tugi prósent.

„Þetta er málflutningur sem stenst enga skoðun,“ sagði Bjarni og bætti því við að lokum að þetta væri slíkur tvískinnungur að hann héldi ekki vatni.

fanney@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigrún M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Jóladagatal Miðborgarinnar okkar**

**NÝ TILBOÐ DAGLEGA**

FYLGIST MEÐ Á FACEBOOK.COM/MIDBORGIN

ÚRVALIÐ ER Í MIÐBORGinni!  
WWW.MIDBORGin.IS

BILASTEDAGSJOUR  
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS  
MIÐBORGin OKKAR

## Mikilvægi Ríkisútvarpsins

#### MENNING



Katrín Jakobsdóttir  
formaður Vinstri grænna

Undanfarna daga hefur staðið mikill styrur um Ríkisútvarpið. Núverandi ríkisstjórn kaus að breyta lögum árið 2013 þar sem boðið var lækkun á útvarpsgjaldinu og komið í veg fyrir að það rynni óskert til Ríkisútvarpsins. Nú virðist stjórnarmeirihlutinn ætla sér að hrinda þessari lækkun í framkvæmd án þess að nokkur þarfagreining eða faglegar ástæður liggi þar að baki þó að fallist hafi verið á að hið lægra gjald renni óskert til útvarpsins.

Útvarpsgjaldið á Íslandi er ekki hátt í alþjóðlegum samanburði þó að við séum fámenn þjóð, lægra í krónum talið en í Noregi og á Bretlandi, og sú ákvörðun stjórnvalda að lækka það virðist fyrst og fremst ráðast af einhverjum ranghugmyndum um að RÚV sé ofhaldið. Staðreyndin er sú að starfsmönnum á RÚV hefur fækkað um tæpan þriðjung frá árinu 2008 og starfsemin verður endurskipulögð með mikilli hagræðingu. Engin fagleg rök eru fyrir lækkuninni og ljóst að hún mun hafa víðtæk áhrif á starfsemi Ríkisútvarpsins til hins verra.

Enn dapurlegra er að þessar fyrirætlanir koma beint ofan í metnaðarfulla framtíðarsýn stjórnenda útvarpsins.

Þar eru höfuðatriðin að efla þjónustu við landsbyggðina og auka svæðismiðlun, efla innlenda dagskrárgerð, sérstaklega fyrir börn og ungmenni og gera átak í safnamálum útvarpsins en í geymslum þess leynast mikil menningarverðmæti.

Á Íslandi býr 320 þúsund manna þjóð sem á allt sitt undir því hvernig við hlúum að sögu okkar og menningu. Þar er tungumálið lykilkjartur. Ríkisútvarpið hefur mikilvægu hlutverki að gegna í þeim málum og því nauðsynlegt að við sinnum öllum þeim þáttum sem birtast í framtíðarsýn útvarpsins. Þetta hlutverk RÚV er þeim mun mikilvægara ef ríkisstjórnin hyggst virkilega halda áfram á sömu vegferð í menningarmálum almennt, hækka skatta á tónlist og bækur og hunska tillögum um að efla notkun íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Við stöndum frammi fyrir þeirri hættu að almannaútvarpið verði skorið svo niður að það hafi engin tök á að sinna hlutverki sínu sem þjóðarútvarp.

Það er útlátalítið fyrir meirihlutann að styðja við Ríkisútvarpið. Það eina sem þarf er að falla frá lækkun útvarpsgjaldsins og standa við það sem áður hefur verið samþykkt; að það renni óskert til útvarpsins.





# NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Pantið  
tímanlega

## Jólagjöf

til þinna  
starfsmanna

- Nóatúns hamborgarhryggur 1,8–2 kg pk.
- Húsavíkur hangikjöt úrb. læri 1,6–1,8 kg
- Castello Golden–danskur hvítmygluostur 29%
- Camembert Royal 125 g
- Stag Stornoway ostakex
- GB lífræn brómberjasulta
- Lindt súkkulaði 100 g

### Jólapakki 1

**14.900** kr.

Verð með vsk.



- Nóatúns grísahamborgarhryggur 1,8–2 kg
- Hátíðarlambalæri úrb. fyllt m/villisveppum, trönuberjum og camembert 2-2,2 kg
- Nóatúns sérlöguð jólasild
- Nóatúns koniaksgrafinn lax ca 200 g
- Innbakað hreindýrapaté ca 200 g
- Old Amsterdam 250 g
- Camembert Royal 125 g
- GB lífræn bláberjasulta
- Stag Stornoway ostakex

### Jólapakki 3

**15.900** kr.

Verð með vsk.

- Heitreykt villigæsabringa ca 200 g
- Nóatúns sérlöguð jólasild
- Nóatúns koniaksgrafinn lax ca 200 g
- Kokkarnir: Graflaxsósa
- Innbakað hreindýrapaté ca. 200 g
- Jólasalami Nóatúns ca. 250 g
- Mangó og epla chutney
- Citterio Parma skinka D.O.P.
- Gorgonzola Michelangelo D.O.P. 200 g
- Wensleydale Tranebær 150 g
- Stag Stornoway ostakex
- Jamie Oliver Kalamata ólífur
- Kokkarnir: Fikjuhunang
- GB lífræn bláberjasulta

### Sælkerakarfa

**12.900** kr.

Verð með vsk.

- Nóatúns hamborgarhryggur 1,8–2,0 kg
- Nóatúns koniaksgrafinn lax ca 200 g
- Nóatúns sérlöguð jólasild
- Jólasalami Nóatúns ca 250 g
- Camembert Royal 125 g
- Gorgonzola Michelangelo D.O.P. 200 g
- Innbakað hreindýrapaté ca 200 g
- GB lífræn bláberjasulta
- Stag Stornoway ostakex
- Lindt súkkulaði 100 g

### Jólapakki 2

**10.900** kr.

Verð með vsk.

- Cheddar Whisky Glenphilly 200 g
- Franskur Camembert Royal 125 g
- Old Amsterdam 250 g
- Wensleydale Tranebær 150 g
- Gorgonzola Michelangelo D.O.P. 200 g
- Emmentaler 250 g
- Farmhouse ostakex m/graslauk
- Jamie Oliver Kalamata ólífur
- GB lífræn brómberjasulta
- Kokkarnir: Fikjuhunang

### Ostakarfa

**7.900** kr.

Verð með vsk.





ALLAR VÖRUR
JÓLAVARA
HÚSGÖGN
SMÁVARA
PÚÐAR
SÉRTILBOÐ



## 30% AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU

[www.pier.is](http://www.pier.is)

## LOKSINS HEIMASÍÐA OG VEFVERSLUN



**50% AFSLÁTTUR**  
af völdum jólakúlum  
áður 290,- stk **NÚ 145,- STK.**



### 40% AFSLÁTTUR AF SKARTGRIPABÓKUM SKARTGRIPASKRÍNUM OG SKARTGRIPUM

Verð áður 7.990,-  
**NÚ 4.794,-**




**40% AFSLÁTTUR**

**SVARTA PERLAN KOMIN Í HÚS**



Verð áður 2.590,- **NÚ Á 1.554,-**



Verð áður 790,- **NÚ Á 474,-**



Verð áður 16.990,-  
**NÚ 13.592,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ 6.392,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ 6.392,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ 6.392,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ Á 6.392,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ Á 6.392,-**



Verð áður 7.990,-  
**NÚ Á 6.392,-**



### 20% AFSLÁTTUR AF LJÓSUM OG LÖMPUM

Verð 4.990,-



BÚDDA 28 cm áður 11.990,-  
**NÚ Á 5.990**



Verð 7.990,-



Verð 1.690,-



**JÓLAOPNUN**

	Smáratorg	Korputorg	Glerártorg
11. DES	11.00–20.00	11.00–18.30	11.00–18.30
12. DES	11.00–20.00	11.00–18.30	11.00–22.00
13. DES	10.00–22.00	10.00–22.00	10.00–22.00
14. DES	12.00–22.00	12.00–22.00	13.00–18.00
15. DES	11.00–22.00	11.00–22.00	11.00–22.00

## NÝTT KORTATÍMABIL

[www.pier.is](http://www.pier.is)



Erum á Facebook

# Hugsaðu jákvætt, það er léttara

## GEÐORÐIN 10 Grein 1

Greinin er fyrsta greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðisviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10. Höfundur er greindur með geðklofa.

Margt bólsýnt fólk réttlætir bólsýni sína með eftirfarandi rökum: „Hvernig get ég verið bjartsýn(n) þegar heimurinn er í því öfremdarástandi sem raun ber vitni? Lítið bara í kringum ykkur: styrjaldir, hungursneyðir, fátækt, ofbeldi – úti um allt! Hvernig get ég leyft mér þá léttúð og óábyrgð að vera glaður/glöð í lund þegar veröldin er í slíku volli?“

Við þessu er hægt að tína til þessi mótrök: Þinn hugur er þitt einkasvæði. Það hvort þú tileinkar þér jákvæða eða neikvæða hugsun hefur sáralítið um ástand heimsins að segja – en það hefur allt að segja um þína andlegu líðan. Hvorki bjartsýni þín né svartsvíni breytir veröldinni að nokkru verulegu marki. Það eina sem um er að tefla í þessari skák er þín andlega velferð og þín geðræna heilsa.

Fólki sem er með yfirdrífna ábyrgðarkennnd, og finnst það ekki geta á heilu sér tekið fyrir en það hefur komið heiminum í skaplegt

## GEÐHEILBRIGÐI



Kári Auðar Svansson f.h. Vinjar, athvarfs fyrir geðfatlaða

→ Það er hægt að taka þá meðvituðu ákvörðun að sjá fremur hið góða og fallega í heiminum heldur en hið vonða og ljóta.

horf, væri hollt að íhuga þetta: mundu að heimurinn plumaði sig ágætlega áður en þú fæddist, og mun pluma sig ágætlega áfram þegar þú ert horfin(n) af jarðneska sviðinu. Eins og málshátturinn segir: „Kirkjugarðarnir eru fullir af ómissandi fólki.“

Og nú kemur stóra bomban: fyrir utan nokkur sjúkleg tilfelli þar sem lyf og vistun á geðdeild eru nauðsynleg þá eru þunglyndi og depurð oftast nær yfirstíganleg að mestu eða öllu leyti með því að temja sér jákvæðni í hugsun. Það er hægt að taka þá meðvituðu ákvörðun að sjá fremur hið góða og fallega í heiminum heldur en hið vonða og ljóta. Athygli okkar mannfólksins er hvort eð er alltaf og óumflýjanlega „selektíf“ – við sjáum veröldina eins og við viljum sjá hana; með þeim gleraugum sem við setjum á okkur. Og úr því svo er, hví þá ekki að setja upp rósráðu gleraugum og reyna að sjá það besta í öllum manneskjum og öllum kringumstæðum?


# Viðspyrna fyrir heilbrigðiskerfið

Læknar standa nú í kjarabaráttu til að leiðrétta kjör sín en jafnframt til að bjarga hnignandi heilbrigðiskerfi. Kaupmáttur lækna hefur rýrnað verulega og er launabróun þeirra langt undir öðrum opinberum starfsmönnum síðustu árin. Meðfylgjandi mynd sýnir vísitölur heildarlauna lækna og opinberra starfsmanna ásamt vísitölu neysluverðs. Þar sést að kaupmáttarskerðing síðustu sjö ára nemur um 20%, sem er ein af ástæðum þess að læknar eru í verkfalli nú að krefjast betri launa.

Í niðurskurði heilbrigðiskerfisins undanfarin ár sátu læknar eftir með verulega skertan kaupmátt og auknið álag á sama tíma og kjör erlendis hafa vænkast. Læknastéttin er í eðli sínu afar hreyfanlegt vinnuafli og eftirsótt erlendis enda flestir læknar menntaðir á bestu stöðum sem völ er á. Það er undarleg staðreynd að vinnuaflið sem hvað mest eftirspurn er eftir skuli hækka hvað minnst í launum. Afleiðingin er sú að læknar hverfa frá störfum hérlandis og þeir sem erlendis eru flýttja ekki heim. Þessi þróun hefur verið í þó nokkurn tíma og við þessu varað í fjölmörg ár og í því sambandi talað um bjargbrúnir og hengiflug en nú er staðan öllu verri. Þrátt fyrir það er skýrar og hagkvæmar lausnir á vandamálinu.

Stutt starfsævi Til þess að öðlast sérfræðiréttindi í lækningum þarf að ljúka löngu námi. Með öllu talið má áætla að læknar séu að jafnaði með að baki sex ára háskólanám, 5-10 ára starfsnám auk þess sem sumir hafa lokið meistara- eða doktorsnámi sem tekur 2-4 ár og er stór hluti námsins ólaunaður. Af þessu má leiða þrennt: fórnarkostnaður lækna við nám sitt er mjög mikill, námslánaskuldir eru háar og starfsævi lækna er styttri en almennt gerist. Það er

## VÍSITALA HEILDARLAUNA



Heimild: Hagstofa Íslands og Læknafélag Íslands

## KJARAMÁL



Agnar H. Andrésson hagfræðingur, læknanemi og situr í stjórn Félags almennra lækna

því rökrétt að greiða há laun fyrir lækna þar sem aðrar stéttir komast fyrir út á vinnumarkaðinn, geta komið sér snemma fyrir í samfélaginu og hafa fleiri ár til að vinna sér inn tekjur heldur en læknar. Þessi staðreynd breytist seint þótt eftirspurn eftir starfskrafti lækna geti sveiflast til, en um þessar mundir er mikil umfram eftirspurn eftir læknum.

## Lausnir á vandamálinu

Staðan nú er þannig að margir læknar hérlandis hafa sagt starfi sínu lausu eða eru alvarlega að íhuga það. Samfara þessu eru fáir íslenskir læknar erlendis sem hafa hug á að flýttja heim með fjölskyldu sína til að fara að vinna í molnandi kerfi og fá lág laun fyrir. Leiðir þetta til lækna-skorts og þjónusta í heilbrigðiskerfinu mun versna. Þróunin er öll í sömu átt. Orsakir þessa vanda felast ekki einvörðungu í lágum tekjum lækna heldur eru þær margþættar og má þar nefna slæma aðstöðu fyrir starfsfólk og sjúklinga, lélegan tækjakost, meðferðarúrræði hérlandis hafa dregist aftur úr og viðvarandi of mikið álag er á starfsfólki.

→ Þetta snýst um að stöðva og snúa núverandi þróun við þannig að hér verði endurreist fyrsta flokks heilbrigðiskerfi á ný sem allir geti gengið að...

Um þetta er ekki deilt. Ekkert af þessu er hægt að laga með fingrasmelli en það sem kemst næst því er að bæta launin sem allra fyrst og veita þannig viðspyrnu gegn þessari óheillaþróun. Slíkt myndi bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar. Hinir þættirnir sem nefndir voru eru einnig mikilvægir og er brýnt að ráðast í uppbyggingu í innviðum heilbrigðiskerfisins og setja fram trúverðuga áætlun um hvernig það verður gert. Lausnin er ekki ódýr en hún er án vafa hagkvæm.

Þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta ekki um það hvort læknar eigi að fá hærri laun en aðrir eða hvort læknar séu eftirbátar annarra stétta. Þetta snýst um að stöðva og snúa núverandi þróun við þannig að hér verði endurreist fyrsta flokks heilbrigðiskerfi á ný sem allir geti gengið að, núverandi og komandi kynslóðum til hagsbóta.

# Að afloknu verkfalli

Hún bíður eftir greiningu, er bara 8 ára og fellur illa inn í skólakerfið. Það er erfitt að sitja kyrr og einbeita sér, erfitt að fylgjast með í skólanum. Krakkarnir vilja ekki leika við hana, hún fær reiðiköst og verður illskeytt. Heima er erfitt að halda friðinn, mjólkurglósinn lenda á gólfinu, fötin lenda út um allt, kurteisvenjur verða útundan og allir eru þreyttir.

Hún er í tónlistarskóla þar sem hún hittir kennarann sinn tvisvar hálf tíma á viku. Það eru gæðastundir. Þá er hún ein með einni fullorðinni manneskju. Þar verða sigarnir til. Ekki að það gangi sérlega vel að hitta á réttar nótur eða sitja kyrr við hljóðfærið. Ekki að það sé mikil framför í bókinni. Ekki að það

## MENNTUN



Linda Hreggviðsdóttir tónlistarkennari

→ Hver tími verður efling á sjálfsvirðingu og sjálfsást. Hún upplifir sig jákvætt í gegnum tónlistina.

hljómi vel spilaður Bach og Mozart. Heldur er hver smásigur vegsamaður með hrósi og límmiða. Hvert lag sem spilað er verður að tónleikalagi þar sem hún lærir að brosa og hneigja sig. Hver tími verður efling á sjálfsvirðingu og sjálfsást. Hún upplifir sig jákvætt í gegnum tónlistina.

Í verkfallinu spurði hún á hverjum degi: „Er tónlistarskóli í dag?“ Það er ekki víst að allir viti hversu gríðarlega mikilvægir tónlistarskólar eru fyrir marga.

# Tími mannanafnalaga liðinn

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn. Slíkt frumvarp er löngu tíma-bært enda hafa lögin orðið mörgum einstaklingum til ama. Til eru dæmi þess að barni sé neitað um að heita í höfuðið á afa sínum og að stúlka þurfi að leita alla leið til Mannréttindadómstóls Evrópu til þess að fá að heita nafni sínu. Þá hefur kona ein lengi barist fyrir því að fá að heita hinu virðulega nafni Kona en ekki fengið því framgengt.

Þá virða íslensk mannanafnalög ekki kynfrelsi fólks en í nýgildandi lögum er stúlkum skylt að bera kvenmannsnöfn og strákum karlmannsnöfn. Slíkt fyrirkomulag er mikil tímaskekkja. Það á ekki að neyða fólk til þess að vera „merkt“ einu kyni eða öðru. Körlum á að vera frjálst að bera kvenmannsnöfn, konum karlmannsnöfn og svo á öllum að vera frjálst að bera hlutlaus nöfn. Talsmenn laganna vísa

## MANNANÖFN



María Margrét Jóhannsdóttir MA í alþjóðasamskiptum

→ Lög eiga að vera hófleg og valda fólki sem minnstum ama. Mannanafnalög hafa ekki uppfyllt þetta skilyrði...

oft til velferðar barna sem rök fyrir sérstakri mannanafnalöggjöf en þá má benda á að við Íslendingar erum svo lánsamir að hafa þar til gerð barnaverndarlög sem geta gegnt því hlutverki með miklum ágætum að standa vörð um réttindi barna.

Lög eiga að vera hófleg og valda fólki sem minnstum ama. Mannanafnalög hafa ekki uppfyllt þetta skilyrði og þeim þarf að breyta. Þingheimur þarf að standa vörð um mannréttindi fólks en íhlutun ríkisvalds í val einstaklinga á nafni hlýtur að vera brot á mannréttindum enda er réttur til nafns hverjum manni mikilvægur. Vonandi er tíminn kominn sem mannanafnalögum verður breytt.

# Hugmyndasamkeppni um ramma-skipulag Elliðaárvogar-Ártúnshöfða

Hugmyndasamkeppni við skipulagsgerð er góð leið til að fá fram fjölbreyttar hugmyndir um skipulag og notkun svæðis. Hugmyndasamkeppnir laða að mismunandi fólk með víðtæka reynslu og margvíslegar hugmyndir.

Fyrir um tveimur vikum auglýsti umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hugmynda-samkeppni um ramma-skipulag Elliðaárvogar-Ártúnshöfða. Undirrituð fagnar því að Reykjavíkurborg skuli leita eftir ólíkum hugmyndum við skipulagsgerð borgarinnar og setur að sama skapi spurningamerki við tilhögun samkeppninnar. Hugmyndasamkeppnin um rammaskipulag Elliðaárvogar-Ártúnshöfða er svokölluð lokuð samkeppni.

Nú er nýlukið fyrsta fasa keppninnar, svokölluðu forvali. Forvalið byggist þannig upp að áhugasamir þátttakendur senda inn upplýsingar um teymið sem hyggst vinna tillöguna. Teymið þarf að byggjast upp af fagfólki úr mismunandi stéttum. Að forvali loknu verða fimm teymi valin sem öll fá greitt fyrir sínar tillögur, vinningsteymið fær síðan aukalega greitt fyrir sína tillögu. Þessi fimm teymi eru valin út frá stigagjöf og byggist stigagjöf sú á þátttöku og

## SKIPULAG



Erla Margrét Gunnarsdóttir formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands

árangri í samkeppnum á síðustu 15 árum. Teymi-in með hæstu stigin eru valin til þátttöku.

## Opnar keppnir

Þetta telur undirrituð ekki vera til þess fallið að fá sem flestar og áhugaverðastar hugmyndir að borðinu. Að mati undirritaðrar ættu hugmyndasamkeppnir á vegum borgarinnar og annarra opinberra aðila að vera opnar hug-

myndasamkeppnir. Í opnum samkeppnum getur hver sem er sent inn tillögu, þótt auðvitað sé hægt að gera kröfu um fagþekkingu en allir koma að borðinu með jöfn tækifæri. Lokaár hugmynda-samkeppnir sem þessi útiloka bæði nýtskrifaða skipulagsfræðinga, unga óreynda þátttakendur í öðrum stéttum sem og þá sem hafa verið lengi í greinunum en ekki tekið þátt í hugmyndasamkeppnum á síðustu fimmtán árum. Í opinni hugmyndasamkeppni hafa allir innan greinanna jöfn tækifæri og er teymið dæmt á verkinu sjálfu en ekki öðrum unnum verkefnum. Þannig væri hægt að velja áhugaverðustu tillögurnar og greiða þeim efstu fyrir áframhaldandi vinnu.

Ílla ígrundað skipulag getur haft víðtæk áhrif til langs tíma og að sama skapi getur vel skipulagt svæði stuðlað að bættri

→ Að máli undirritaðrar ættu hugmyndasamkeppnir á vegum borgarinnar og annarra opinberra aðila að vera opnar hugmyndasamkeppnir. Í opnum samkeppnum getur hver sem er sent inn tillögu, þó auðvitað sé hægt að gera kröfu um fagþekkingu...

líðan og umfram allt góðri byggð. Höfundur er nýtskrifaður skipulagsfræðingur og formaður Skipulagsfræðingafélags Íslands. Nýtskrifaðir skipulagsfræðingar hafa margt til málanna að leggja og því þykir undirritaðri að opin hugmynda-samkeppni væri betur til þess fallin að fá fleiri góðar hugmyndir þegar verið er að skipuleggja borgina til framtíðar.

Undirrituð hvetur því Reykjavíkurborg til að hafa þessi atriði í huga þegar kemur að næstu hugmyndasamkeppni. Einnig setur undirrituð spurningamerki við það að enginn skipulagsfræðingur sitji í forvalsnafnd og hvetur til þess að horft verði til fagþekkingar þegar valið er í dómnefnd og þar verði að minnsta kosti einn skipulagsfræðingur.



# ÞÚ FINNUR BÓKINA Á FISKISLÓÐ



## AFGREIÐSLUTÍMAR Í DESEMBER

Föstudagur	5. des.	10-18
Laugardagur	6. des.	11-17
Sunnudagur	7. des.	11-17
Mánudagur	8. des.	10-18
Þriðjudagur	9. des.	10-18
Miðvikudagur	10. des.	10-18
Fimmtudagur	11. des.	10-18
Föstudagur	12. des.	10-18
Laugardagur	13. des.	11-17
Sunnudagur	14. des.	11-17
Mánudagur	15. des.	10-18
Þriðjudagur	16. des.	10-18
Miðvikudagur	17. des.	10-19
Fimmtudagur	18. des.	10-19
Föstudagur	19. des.	10-19
Laugardagur	20. des.	11-19
Sunnudagur	21. des.	11-19
Mánudagur	22. des.	10-19
Þriðjudagur	23. des.	10-19

**JÓLADAGATAL:**  
EINN HEPPINN VIÐSKIPTAVINUR  
Á DAG FÆR GJÖF

**LEIKHORN FYRIR BÖRNIN**

**NÆG BÍLASTÆÐI OG  
HEITT Á KÖNNUNNI**

**ÓKEYPIS MERKIMIÐI  
FYLGIHVERRI BÓK**

**INNPÖKKUNARBORÐ**

Allar  
nýjustu  
bækurnar

**ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM  
HELSTU ÚTGEFENDUM  
LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI**



Ekta skinn sem hægt er að taka af

Stillanleg hetta

Íslenskt laxaroð

2ja laga vatnshelt efni



Klæðilegt snið

Límdir saumar

Stillanlegt mitti

Vatnsheldir rennilásar á vösum

Vasi á ermi

Stillanlegar ermar

80/20 hvítur andardúnn

**CINTAMANI**

**DRESS CODE ICELAND**

[WWW.CINTAMANI.IS](http://WWW.CINTAMANI.IS)



HEIMSKAUTAFARINN

ARCTIC PROJECT  
SINCE 1989



Þann

**11. DESEMBER**

**KL. 18**

fögnum við


**25 ÁRA AFMÆLI CINTAMANI &**

komu **HEIMSKAUTAFARANS,**  
í verslun okkar **Bankastræti 7.**

Glæsileg tískusýning,  
Dj Natalie og léttar veitingar.



Austurhraun 3 | Bankastræti 7 | Kringlan | Smáralind

 Fylgdu okkur á  
Instagram  
[/cintamani\\_iceland](https://www.instagram.com/cintamani_iceland)

 Finndu okkur á  
Facebook  
[/cintamani.iceland](https://www.facebook.com/cintamani.iceland)

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN SIGURDARDÓTTIR**  
Fossvogsbrún 6, Kópavogi,

lést mánudaginn 8. desember.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigrún Alda Michaelsdóttir**  
**Bragi Michaelsson**  
**Snorri Guðlaugur Tómasson**  
**Margrét Sigríður Halldórsdóttir**  
og aðrir aðstandendur.

**Guðjón Ágústsson**  
**Auður Ingólfsdóttir**  
**Jóna Björg Jónsdóttir**



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SIGPÓR SIGURJÓNSSON**  
frá Ekru, Norðfirði,

lést í Orlando síðastliðinn laugardag.  
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigrún Guðmundsdóttir**  
**Gauti Sigbórsson**  
**Börkur Sigbórsson**  
**Hanna Ýr Sigbórsdóttir**  
**Viktor, Aron, Kári og Egill**

**Vera Júlíusdóttir**  
**Dagur Bærings Bjarnason**



+

Ástkæri faðir, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**BRYNJAR ÞÓR SIGMUNDSSON**  
Langholti 18, Reykjanesbæ,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. desember. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. desember kl. 13.00.

**Kristrún Ósk Brynjarsdóttir**  
**Sigmundur Brynjar Sigmundsson**  
**Baldur Arnar Sigmundsson**  
**Ása Karitas Baldursdóttir**

**Arnbjörg Vignisdóttir**  
**Erla Arnardóttir**



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÞÓRÓLFUR SÆMUNDSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi sunnudaginn 23. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 12. desember kl. 13.00.

**Sigríður Á. Þórólfsdóttir**  
**Petrea S. Þórólfsdóttir**  
**Margrét S. Þórólfsdóttir**  
**Rúnar Þór Guðmundsson**  
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

**Friðrik Jensen**  
**Kristín Þ. Kristinsdóttir**



+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÖSKULDUR JÓNSSON**  
símaverkstjóri,  
Kolbeinsgötu 52, Vopnafirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði 1. desember. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 12. desember kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**INGIBJÖRG PÉTURSDÓTTIR**  
hjúkrunarkona,  
áður til heimilis að Einilundi 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi að morgni sunnudagsins 30. nóvember. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. desember kl. 15.00.

**Ólafur Tryggvi Magnússon**  
**Magnús Karl Magnússon**  
**Atli Freyr Magnússon**  
**Ásdís Magnúsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Eilý Katrín Guðmundsdóttir**  
**Steinunn Gestsdóttir**  
**Viðar Halldórsson**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is)

**PETTA GERÐIST: 11. DESEMBER 1975**

## Breskt skip siglir á varðskipið Þór

Þrjú breskir dráttarbátar veittust að varðskipinu Þór í mynna Seyðisfjarðar þennan mánaðardag árið 1975 og einn þeirra, Lloydsmán, sigldi tvívegis á varðskipið. Atburðurinn varð nánast uppi í landsteinum, eða innan við tvær sjómílar frá landi.

Varðskipsmenn skutu tveimur skotum að Lloydsmán, öðru lausu og hinu föstu. Fasta skotið kom í bol dráttarbátsins. Varðskipið Þór hélt í var inn á Loðmundarfjörð og voru skemmdir á skipinu kannaðar þar. Þær reyndust það miklar

að skipið varð að fara í slipp. Íslendingar lögðu fram kærú á hendur Bretum í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna enda var málið var litið alvarlegum augum. Enda þótt Bretar hefðu oft áður siglt á íslensk skip í landhelgisdeilunum var þetta í fyrsta sinn sem það var gert innan viðurkenndrar landhelgi. Í lok kærubréfsins sagði: „Ríkisstjórn Íslands lítur á þessa árás sem svívirðilega yfirtroðslu sjálfstæðis Íslendinga, sem stefni friði og öryggi í voða.“



**MARKPJÁLFAFANEMI** „Minn áhugi snýst um fólk sem er þínulítið týnt og þarf á leiðsögn að halda,“ segir Ásta Guðrún.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mikil viska sem fremstu markþjálfar okkar miðla

Ráðstefna um markþjálfun fer fram í Norðurljóssal Hörpu fyrri part dagsins í dag í tilefni þess að tíu ár eru frá því sú grein náði fóstfestu hér á landi. Allir eru velkomnir.

„Markþjálfun snýst um uppbyggilega skapandi hugsun og stjórnum einstaklinga. Nú eru tíu ár frá því farið var að kenna hana hér á landi og því verður fagnað með afmæli í Norðurljóssal Hörpunnar í dag milli klukkan 9 og 12.30,“ segir Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir. Hún er nemandi í markþjálfun hjá fyrirtækinu Evolvía sem skipuleggur afmælisráðstefnuna. Hún tekur fram að aðgangur sé ókeypis á ráðstefnuna og allir séu velkomnir. „Tíu af fremstu markþjálfum Íslands munu segja frá starfi sínu. Það er mikil viska sem þeir ætla að deila með áheyrendum en óvænt skemmtiatriði og ýmislegt fleira er á dagskránni. Í hléinu verðum við tíu, fimmtán markþjálfanemar úti um allt ef fólk vill prófa að koma í viðtal,“ segir hún og kveðst vona að fólk komi forvitinnar vegna

og kynni sér þá hugmyndafræði sem markþjálfun snúist um.

Það er Matilda Gregersdóttir sem er eigandi Evolvía og frumkvöðull í markþjálfunarkennslu hér á landi. Í upphafi hét fyrirtækið Leiðtogi og var stofnað 2004. Markþjálfun er einnig kennd í Háskóla Reykjavíkur.

„Þetta er eins árs nám. Það er sama fyrirkomulag hjá báðum skólunum, bóklegt nám fyrir jól og verklegt eftir jól,“ segir Ásta Guðrún. „Verklega námið felst í að taka viðtöl. Ég þarf að skila vissum tímum í því og er þegar búin með þrjátíu af hundrað tímum. Til að byrja með fékk ég fólk til að koma í viðtal svo ég gæti æft mig en eftir því sem ég varð öruggari fór fólk að sækja í að koma oftar og sumir hafa gert samninga um frekari samtöl,“ segir hún.

Hún segir það einkum vera forstjóra og framkvæmdastjóra sem sótt hafi nám í markþjálfun en það nýtist líka hinum almenna borgara. „Minn áhugi snýst um fólk sem er þínulítið týnt og þarf á leiðsögn að halda. Margir eiga sér draum sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að fá uppfylltan. Markþjálfar líta á allt sem mikilvægt, hvort sem það er löngun manneskju til að skipta um vinnu, breyta bílskúrnum í hönnunarstofu eða hætta að drekka dietkók. Leiðsögnin spannar svo vítt svið. Markþjálfar eru bara hlutlausir en með alls kyns vinklum og spurningum hjálpa þeir fólk að finna lausnir sjálf. Sálfræðingar vinna oft úr vanda málum í fortíðinni. Það gerir markþjálfari ekki. Hann spyr bara: „Hvað ertu í dag? Hvert viltu fara?“

gun@frettabladid.is

+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR SIGURÐSSON**  
flugstjóri,  
Brúnastekki 2,

verður jarðsönginn fimmtudaginn 11. desember frá Fossvogskirkju kl. 13.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vilja minnast Óskars er bent á reikning númer 0115-05-570588, kt. 290541-4099, þakkar- og styrktargjöf til taugalækningadeildar B-2, Landspítala Fossvogi.

**Brynja Kristjánsson**  
**Martha Óskarsdóttir**  
**Ásta Óskarsdóttir**  
**Einar Júlíus Óskarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Ragnar Kristjánsson**  
**Rakel Hólm Sölvadóttir**



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR FRÍÐBJARNARSON**  
frá Hnífsdal,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði, þann 4. desember sl., verður jarðsönginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 13. desember kl. 11.00.

**Fjóra Hannesdóttir**

**Hannes Óskarsson**  
**Fríðbjörn Óskarsson**  
**Aðalsteinn Óskarsson**  
**Indriði Óskarsson**  
**Guðmundur Páll Óskarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Guðrún Hreinsdóttir**  
**Guðrún Hermannsdóttir**  
**Laufey Ólafsdóttir**  
**Gerður Einarsdóttir**



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HÁDEGISLEIÐSÖGN

Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna „Ertu tilbúin frú forseti?“ í Hönnunarsafni Íslands í dag klukkan 12.15. Í þetta sinn verður lögð áhersla á „orðið í fötunum“ og hvernig við notum klæðnað til að tjá líðan og jafnvel pólitískar skoðanir.

## TÆKIFÆRISGJAFIR

TILBOÐ



Hnífaparátöskur – 12 manna  
14 tegundir  
Verð frá kr. 24.990

*Tékk*  
**KRISTALL**

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# SLAKAÐU Á UM JÓLIN MEÐ MAGNESÍUMI

**GENGUR VEL KYNNIR** Hvað er notalegra en að slaka vel á um jólin? Magnesíum hjálpar til við að slaka á vöðvum líkamans og hægt er að taka það inn í gegnum húðina með ýmsum hætti, þar á meðal með magnesíumnuddi.

**M**agnesíum er steinefni sem líkaminn þarfnast og er nauðsynlegt til orkuframleiðslu ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva, beina, vökvajafnvægis og til stjórnunar á tauga- og vöðvasamdrætti. Upptaka magnesíums í gegnum húðina hefur reynst einstaklega vel bæði með því að spreya því beint á húðina, fara í magnesíumbað eða -nudd.

### MAGNESÍUMNUDD

Berglind Þórðardóttir er heilsunuddari á Heilsusetrinu. „Í starfi mínu vinn ég náið með skjólstaðingum mínum og er alltaf að leita leiða til að gera gott enn betra. Þegar ég heyrði hvað magnesíum gerir mikið fyrir líkamann langaði mig fyrst að reyna það á sjálfri mér. Ég fór m.a. til læknis þar sem ég fékk magnesíum í æð og upplifði hvað það hafði gríðarlega góð áhrif á mig. Nú hef ég þróað nuddmeðferð með blöndu af nuddolíu með magnesíumi. Auk þess nota ég heita steina með nuddinu en þeir opna húðina fyrir upptöku efnisins. Magnesíumið virkar sérstaklega vel á alla verki, til dæmis vefjagigt, bólgur, stoðkerfaverki, svo og fótáóeirð og langvarandi þreytu.“

### EINSTAKUR ÁRANGUR MEÐ NUDDI

„Ég hef reglulega farið til Berglindar í nudd og satt að segja hélt ég að nuddið gæti ekki orðið betra. Þegar hún bætti við heitum steinum og magnesíumolíu náði upplifunin nýjum hæð-“



um. Tilfinningin sem olían gefur þegar hún smýgur inn í bólgna vefi er einstök og endist í langan tíma eftir nuddið.“

Anna Heiða Pálsdóttir

### KOSTIR ÞESS AÐ FARA Í MAGNESÍUM-FÓTABAD EÐA -BAÐ

3. @TaylorSwift13: fékk 10 milljón fylgjendur



**ONE DIRECTION** Fengu gríðarlega mikið umtal enda myndarmenn.

4. @ArianaGrande: fékk 9,5 milljón fylgjendur
5. @JTimberlake: fékk 9,1 milljón fylgjendur
6. @SelenaGomez: fékk 7,9 milljón fylgjendur
7. @DDLovato: fékk 6,2 milljón fylgjendur
8. @Rihanna: fékk 6,2 milljón fylgjendur
9. @BritneySpears: fékk 6,1 milljón fylgjendur
10. @OneDirection: fékk 5,5 milljón fylgjendur

## Aðdáendahópar tónlistarmanna sem fengu mest umtal

1. Beliebers - (Justin Bieber)
2. Directioners - (One Direction)
3. Animals - (Ke\$ha)



4. Lovatics - (Demi Lovato)
5. Sones - (Girls' Generation)
6. Rihanna Navy - (Rihanna)
7. Mahomies/Mahonies - (Austin Mahone)
8. Swifties - (Taylor Swift)
9. Aliens - (Tokio Hotel)
10. Selenators - (Selena Gomez)



## Lög sem fengu mest umtal

1. Pharrell Williams - Happy
2. John Legend - All of Me
3. Nicki Minaj - Anaconda
4. Ariana Grande - Problem
5. Lady GaGa - ARTPOP
6. Magic! - Rude
7. Demi Lovato - Really Don't Care
8. Beyoncé - Drunk in Love
9. One Direction - Night Changes
10. Little Mix - Little Me



## Plötur sem fengu mest umtal

1. Beyoncé, „Beyoncé“
2. 5 Seconds of Summer, „5 Seconds of Summer“
3. Taylor Swift, „1989“
4. Michael Jackson, „Xscape“
5. Ed Sheeran, „X“
6. Chris Brown, „X“
7. Coldplay, „Ghost Stories“
8. Rick Ross, „Mastermind“
9. The Vamps, „Meet the Vamps“
10. Ariana Grande, „My Everything“

thorduringi@frettabladid.is



# Beittur í rósakálið



## Ahlíða stálmífur

Hnífsblað 12cm • Damascus stál  
Kr. 10.998,-



Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is  
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

# Bætir fimmtu jólatónleikunum við

Stefán Hilmarsson hefur slegið í gegn með jólatónleikum sínum í Salnum.

Stefán Hilmarsson hefur bætt fimmtu tónleikunum við jólatónleikaröð sína í Salnum í Kópavogi. Þetta er fjölgun frá því í fyrra því þá tróð hann upp á þrennum jólatónleikum.

Selst hefur upp á ferna tónleika popparans í Salnum og verða því aukatónleikar 19. desember næstkomandi. Með Stefáni á þeim tónleikum koma m.a. fram Guðrún



**ÁRITUN** Stefán áritar plötuna sína eftir tónleikana. Með honum er kona hans Anna Björk Birgisdóttir.



**MEÐ SYNINUM** Stefán Hilmarsson uppi á sviði um síðustu helgi með syni sínum Birgi Steini.

Gunnarsdóttir og sonur hans, Birgir Steinn, sem syngur einmitt á nýrri jólaplötu pabba síns, í desember. Á tónleikum verða flutt lög af henni og lög af fyrri jólaplötu Stefáns, Ein handa þér, í bland við sígild jóla- og hátíðarlög.

Á jólatónleikum Stefáns um liðna helgi fékk hann áritaða gullplötu fyrir Ein handa þér, til merkis um að platan hefur selst í yfir fimm þúsund eintökum. Nýja jólaplatan hans fæst árituð og heimsend á stefanhilmarsson.is. -fb



# JÓLA DAGATAL



**15-25%**  
afsláttur  
af sófum\*

\*nema af tilboðssófum



**15%**  
afsláttur af öllum  
ljósum  
til áramóta

**12**

**19**

## Syngur vel út af syninum

„Mér finnst eins og ég þurfi alltaf að syngja vel núna,“ sagði söngkonan Carrie Underwood í viðtali hjá spjallþáttakönginum Jimmy Fallon í vikunni, þegar talið barst að ófæddum syni hennar. „Til dæmis ef ég er bara að keyra í bílnum, þá finnst mér ég verða að vanda mig því ég veit að hann er að hlusta. Ég meina, hann er alltaf þarna,“ sagði hún. Carrie á von á sínu fyrsta barni með eiginmanni sínum, Mike Fisher, en þau gengu í hjónaband í júlí árið 2010.

## Allir velkomnir í jólasveinabað á Mývatni

Árlegt jólasveinabað verður í Jarðböðunum í Mývatnssveit á laugardag. Gáttaþefur lofar hógværum látum.

„Já, við erum að spá í að fara í bað á laugardaginn. Það er alveg nóg að gera það bara einu sinni á ári,“ segir Gáttaþefur. Hann og bræður hans tólf skella sér í bað í Jarðböðunum í Mývatnssveit á laugardag. En eru þeir allir tilbúnir í það?

„Tja, nei, við erum í vandræðum með Stúf. Svo er Bjúgnakrækir með uppsteyt, spurning að lokka hann ofan í með að segja að það séu bjúgu ofan í.“

Það eru allir velkomnir með þeim bræðrum í baðið en Gáttaþefur lofar hógværum látum. Við tökum lagið og skrúbbum gestina. Svo förum við í pott-

inn til að mýkja upp skítaskánina áður en við förum ofan í. Það er nú bara hollt og gott fyrir gestina að fá svona sitthvað á sig sem verður eftir í baðinu. Svo skvettum við á okkur Old Spice á eftir,“ segir hann.

Grýla og Leppalúði verða hins vegar fjarri góðu gamni. „Leppalúði er frekar dapur þessa dagana og er að drepast í mjóðinni. Grýla er alveg dottin ofan í Rauðu ástarsögurnar svo hún næst ekki út úr hellinum,“ segir Gáttaþefur. Hann vonast til þess að sjá sem flesta. „Svona 200.000 manns væri í góðu lagi sko.“ -asi



**GRALLARA-BRÆÐUR**  
Það verða einhver læti að ná þessum bræðrum í baðið.  
MYND/RAGNAR TH. SIGURDSSON


## Kvenlíkaminn tekinn fyrir á nýrri sýningu

Pórey Guðný Sigfúsdóttir sýnir módelmálverk sín.

„Ég er búin að vinna að þessari sýningu síðan síðasta sumar en þetta verður átta málverka sería af svart-hvítum olíumálverkum, öllum frekar stórum,“ segir myndlistarkonan Pórey Guðný Sigfúsdóttir sem opnar sína fyrstu einkasýningu á Höfn í Hornafirði 19. desember. „Þetta verður sýnt í Pakkhúsinu sem er flottasti veitingastaðurinn í bænum.“

Myndir Póreyjar eru svokallaðar „nude art“-myndir eða módelmálverk. „Kvenlíkaminn er tekinn fyrir en þetta eru ótrúlega dökkar og svartar myndir þar sem er leikið með skuggann á líkamanum og hann látinn njóta sín,“ segir Pórey, en hún hefur verið að mála síðan hún fæddist að eigin sögn. Hún lagði stund á myndlist í VMA og útskrifaðist af myndlistarbraut í FB en síðan tók hún myndlistarkúrta í Frakklandi um aldamótin.

Á opnuninni verða síðan tónleikar þar sem bróðir Póreyjar, Júlíus Sigfússon, mun flytja frumsamda tónlist ásamt Ingibjörgu Pálmadóttur. „Það virðist ætla að verða góð mæting. Alla vega er ég voða spennt,“ segir Pórey. -þj



**PÓREY GUÐNÝ SIGFÚSDÓTTIR** Hefur lengi verið að mála. MYND/MARGRÉT GAUJA

→ Myndir Póreyjar eru svokallaðar „nude art“-myndir eða módelmálverk.



**GHOSTIGITAL OG FINNBOGI** Kanna hljóðin sem koma þegar sannleikurinn er teygður. MYND/FINNBOGI PÉTURSSON

## Ghostigital og Finnbogi teygja sannleikann

Flytja hljóðgjörning í Mengi næsta laugardagskvöld.

„Hvernig hljómar það þegar sannleikurinn er teygður? Hvaða hljóð koma þá fram? Við prófum að finna það út,“ segir Einar Örn Benediktsson, meðlimur Ghostigital.

Hljómsveitin flytur hljóðgjörninginn Teygjanlegur sannleikur í Mengi ásamt listamanninum Finnboga Péturssyni á laugardagskvöld. „Það er mjög einfalt hver sannleikurinn er og hvernig þú kemst að honum.“

Það var einn íslenskur stjórnmálamaður sem sagði að „strax“ væri teygjanlegt hugtak. Þá erum við komnir yfir í þessi hugtök eins og „sannleikur“ og lýsingar eins og „strax“. Síðan var ég að lesa skýrsluna um pyntingar CIA. Þeir sögðu að þeir væru að ná sannleikanum út úr einhverjum hryðjuverkamönnum og að með þennan sannleika að vopni gætu þeir stoppað einhverjar árásir, sem kemur síðan í ljós

að var ekki sannleikurinn,“ segir Einar.

„Þeir eru búnir að teygja sannleikann og teygja fólk út, þannig að þá er bara spurningin: Í hvaða sannleika lifum við? Eigum við ekki að reyna að nálgast þetta strax í staðinn fyrir að hafa þetta teygjanlegt? Það er verið að rugla í okkur og við lifum í lygi. Við lifum ekki í sannleikanum,“ segir Einar, ómyrkur í máli. Finnbogi og Ghostigital hafa oft unnið saman áður. -þj

## Sætabrauðsdrengir vöktu lukku í Hörpu

Sætabrauðsdrengirnir Garðar Thór Cortes, Gissur Páll Gissurarson, Bergþór Páls-son og Viðar Gunnarsson, ásamt Halldóri Smárasyni, útsetjara og píanóleikara, héldu jólatónleika í Norðurljósum í Hörpu í fyrrakvöld við góðar undirtektir.



**LILJAR OG JÓHANNA DÓRA** VORU Á MEÐAL GESTA.



**STEINGERÐUR, JÓNA OG HILMAR.**



**KRISTÍN PORKELSDÓTTIR, GUÐRÚN ELÍSBET GUNNARSDÓTTIR, SIGURBORG GUNNARSDÓTTIR OG RANNEVEIG SIGURÐARDÓTTIR.**



**SIGRÚN MARÍA EINARSDÓTTIR OG ÞORGRÍMUR KRISTJÁNSSON.**



**BERGLIND DÖGG HELGADÓTTIR OG ÁSTA ERLA JÓNASDÓTTIR.**



**HELGA GUÐJÓNSDÓTTIR OG GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR.**



**GUÐBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR OG ERLA ÁRNADÓTTIR.**



**ÁSRÚN DAVÍÐSDÓTTIR OG HARALDUR FRÍÐRIKSSON.**



**PFAFF**

# Lætur vel í eyrum

ÚRVAL EIGULEGRA JÓLAGJAFNA

PFAFF **85** ÁRA



Sennheiser leikjasett  
Game-One. 39.900 kr.  
▶ Tilboð: 31.900 kr.



Sennheiser HD-380  
▶ Verð: 21.500 kr.



Sennheiser PMX-685i  
upplagt í ræktina  
▶ Verð: 11.600 kr.



Sennheiser HD-419  
Verð: 9.900 kr.  
▶ Tilboð 6.900 kr.



Mikið úrval af Sennheiser heyrnartólum.  
Momentum og Urbanite fánleg í öllum litum.  
Komdu, prófaðu, hlustaðu!



#### WL Sólarljós með vakningu

- Frábær byrjun á góðum degi.
- Þú vaknar við sífellt meiri birtu á náttúrulegan hátt.

- ▶ Sólarljós með útvarpi: 15.900 kr.
- ▶ Sólarljós með útvarpi og tengingu fyrir MP3 spilara eða snjallsíma: 19.800 kr.



#### Öflugur andlitsbursti

- Hreinsar burt óhreinindi úr húðholum og fínum andlitslínunum.
- Virkni húðvara verður mun betri á hreinni húð.
- Burstinn er vatnsheldur og hægt að nota í sturtu.
- Með burstanum fylgir hleðslustöð og 4 aukaburstar.

- ▶ Verð: 11.900 kr.

# MMMMM... BÆKUR




**A Little History: Nick Cave & cohorts, 1981-2013**  
Verð: 4.999 kr.-



**Alex Ferguson My Autobiography**  
Verð: 1.999 kr.-



**Minecraft: Complete Handbook Collection**  
Verð: 5.999.-



**History of the World in 1000 objects**  
Verð: 6.499 kr.



**Ocean: The Definitive Visual Guide**  
Verð: 7.499 kr.-



**The Meat Cookbook**  
Verð: 6.499 kr.-



**The Treasures of Queen**  
Verð: 5.999 kr.-



**The Philosophy Book | The Religions Book  
The Science Book | The Business Book | The Psychology Book**  
Verð: 4.499.- stk



VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG  
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI  
PENNANS EYMUÐSSON!




**Hallgrímskver**  
Vildarverð: 6.299.-



**MMM**  
Vildarverð: 5.399.-



**Út í vitann**  
Vildarverð: 2.999.-



**Lóaboratoríum**  
Vildarverð: 3.499.-



**Afdalabarn - innbundin**  
Vildarverð: 3.799.-



**Arfurinn**  
Vildarverð: 2.699.-



**Náðarstund**  
Vildarverð: 4.999.-



**Saga þeirra, sagan mín**  
Vildarverð: 5.799.-



**Útistöður**  
Vildarverð: 2.799.-



**Hættulegasta kappreið í heimi**  
Vildarverð: 3.599.-



**Ljónatemjarinn**  
Vildarverð: 2.999.-



**Laxaflugur**  
Vildarverð: 3.499.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárugötu 2  
Flugstöð Leifs Eiríkssonar



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

**SMÁRA BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 5-8-9-10-15  
 MOCKINGJAY - PART 1 LUXUS KL. 5-8-10-15  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ENSKT TAL. 3D KL. 8  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 3:30-6-8-10:30  
 GONE GIRL KL. 10:15

**HÁSHÖLVA BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 6-9-10-30  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 5:30-8-10-30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 NIGHTCRAWLER KL. 8-10:30  
 ST. VINCENT KL. 8

**SMÁRA BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 5-8-9-10-15  
 MOCKINGJAY - PART 1 LUXUS KL. 5-8-10-15  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ENSKT TAL. 3D KL. 8  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 3:30-6-8-10:30  
 GONE GIRL KL. 10:15

**HÁSHÖLVA BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 6-9-10-30  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 5:30-8-10-30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 NIGHTCRAWLER KL. 8-10:30  
 ST. VINCENT KL. 8

**LAUGARÁS BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 5-8-9-10-15  
 MOCKINGJAY - PART 1 LUXUS KL. 5-8-10-15  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 3:15-5:30  
 MÖRGÆSIR ENSKT TAL. 3D KL. 8  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 3:30-6-8-10:30  
 GONE GIRL KL. 10:15

**HÁSHÖLVA BÍÓ**

MOCKINGJAY - PART 1 KL. 6-9-10-30  
 DUMB AND DUMBERTO KL. 5:30-8-10-30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 MÖRGÆSIR ISL. TAL. 3D KL. 5:30  
 NIGHTCRAWLER KL. 8-10:30  
 ST. VINCENT KL. 8



ABBA Björn Ulvaeus þvertur fyrir endurkomu ABBA. NORDICPHOTOS/GETTY

## ABBA snýr aldrei aftur

Björn Ulvaeus, einn af fyrrverandi meðlimum sænsku poppsveitarinnar ABBA, hefur sjálfsagt valdið aðdáendum sveitarinnar vonbrigðum með því að útiloka það að ABBA muni nokkurn tímann koma saman aftur.

Ulvaeus segir meðlimi sveitarinnar enga ástæðu hafa til þess að endurvekja ABBA. Ekkert þeirra eigi í peningavandræðum, en slík vandræði séu yfirleitt kveikjan að því að fornfrægar hljómsveitir komi saman á nýjan leik.

Ummælin lét Ulvaeus falla í kjölfar útgáfu ljósmyndabókarinnar ABBA: The Official Photo Book, en í bókinni má finna yfir sex hundruð ljósmyndir auk þess sem farið er yfir feril sænsku poppsveitarinnar.



CUBA GOODING Leikur O.J. Simpson í fyrstu seríu nýrrar þáttaraðar.

## Cuba Gooding mun leika OJ

Leikarinn Cuba Gooding Jr. mun leika O.J. Simpson í fyrstu seríu nýrrar þáttaraðar, American Crime Story.

Serían mun fjalla um réttarhöldin yfir fyrrverandi fótbolta-stjórnunni O.J. Simpson en hann var kærður fyrir morð á fyrrverandi eiginkonu sinni á tíunda áratugnum. Þá mun Sarah Paulson leika saksóknarann Marcia Clark.

American Crime Story mun færa fræg glæpamáli í leikrænan búning en þættirnir eru framleiddir af Ryan Murphy, sem framleiðir einnig sjónvarpsþættina American Horror Story og Glee.

Þættirnir verða byggðir á bókinni The Run of His Life: The People v. O.J. Simpson eftir Jeffrey Toobin.

Cuba Gooding er þekktastur fyrir hlutverk sitt í Jerry Maguire en hann fékk Óskarinn fyrir frammistöðu sína.

# Sjö hlutir sem ég sá fyrir

**BAKPANKAR** Öygjandi vísindi völva eru öllum ljós. Í Atla Fannars Bjarkasonar



7. **Komentakerfi DV verður lagt niður og landsmönnum býst að senda hver öðrum kallar kveðjur með drónum.** – Þarna átti ég að sjálfsgöngu við lætin í kringum eignarhald á DV og síðar eigendaskipti.

6. **Megrúnarkúrin „Éttu skít“ verður kynntur til sögunnar og hampað af helstu sérfræðingum á sviði næringarfræða.** – Sameinuðu þjóðirnar bentu á í maí á þessu ári að um 1.900 tegundir af ætum skordýrum væru þekktar á jörðinni. Bent var á að vestræn ríki séu einu sem líta svo á að skordýraát sé ógeðslegt. Skilaboðin voru skýr: Borðið skordýr. Rétt eins og ég spáði um. Nánast.

5. **Fyrsti rafbíllinn á Íslandi verður rafmagnslaus á Sæbraut.** Þegar eigandinn hringir eftir aðstoð verður síminn hans batterílaus. – Þetta er pottþétt búið að gerast. Aldrei hafa fleiri rafbílur verið

fluttir til landsins en árið 2013. Þá er símanotkun orðin þannig að fólk þarf að hlaða símann tvisvar á dag. Þetta vissi ég.

4. **Flóttamanni er vísað úr landi vegna þess að hann gleymir ítrekað að bjóða góðan daginn.** – Þarna tókst mér að spá um lekamálið og eftirmál þess með slíkri nákvæmni að það væri galið af mér að kaupa ekki lottó um helgina.

3. **Í örvæntingarfulli leit að fjármagni byrjar Landspítali með eigin útgáfu af „Vertu viss“ þar sem líffæri eru gjaldmiðillinn.** – Þarna spáði ég um kjaradeilu lækna ásamt aðstöðuvanda á Landspítalanum. Eitthvað sem enginn sá fyrir.

2. **Ökukennarinn Gylfi Sigurðsson semur við þýska úrvalsdeildarliðið Bayern München – misskilningur sem kostar liðið 13 milljarða.** – Eitthvað sagði mér að Gylfi Sigurðsson myndi semja við nýtt lið á árinu. Það þarf ekki mikið ímyndunarafli til að lesa þær fréttir úr spá minni.

1. **Rafbílavæðingin heldur áfram þegar Toyota kynnir nýjan og endurbættan Rav 4.** – Ég sagði ykkur það.

## Það er eitthvað Dave Roback/Hope Sandoval-legt við þetta

TÓNLIST ★★★★★

### Commotion

Ylja

SENA

Ylja vakti verðskuldaða athygli fyrir samnefndan frumburð sveitarinnar sem kom út fyrir réttum tveimur árum. Sveitin er að miklu leyti byggð í kringum söngkonurnar tvær, Bjarteyju Sveinsdóttur og Guðnýju Gígju Skjaldardóttur.

Þær hafa spilað einhvers konar afbrigði af kántrískotinni þjóðlagatónlist og gerðu það með þrýði á fyrri skífu þegar sveitin hafði á að skipa slide-gítarleikaranum Smára „Tarfi“ Jósepsyni.

Mannabreytingar hafa ef til vill haft áhrif á hljómsveitarinnar. Nú er Smári horfinn á braut og til liðs við Ylju gengu þúsundþjalasmíðurinn Örn Eldjárn og ryþmadúó skipað Magnúsi Erni Magnússyni og Ingibjörgu Elsu Turchi. Á þessari nýjust afurð sveitarinnar, Commotion, er hljómurinn ógn meira „indí“, kominn í smá „alt-country“: maður hugsar til Cowboy Junkies eða jafnvel Mazzy Star – það er eitthvað Dave Roback/Hope Sandoval-legt við þetta. Gítarhljómur stækkaður, effekt á trommum, róleg sveimandi yfirferð með fallegum söngróddum.

Það eru líka raddirnar sem eru aðalsmerki Ylju, það einfaldlega verður að við-urkennast.

Þær Bjartey og Gígja, sem einnig semja flesta textana, ná einstaklega vel saman og raddanir þeirra virkilega til fyrirmyndar. Flutningur laganna er hnökralaus og lagasmíðarnar eru ekkert of flóknar, enda ættu þær ekkert að vera það. Galdurinn felst frekar í að búa til öruggan farveg fyrir radd-



YLJA Bjartey Sveinsdóttir og Guðný Gígja Skjaldardóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

irnar, með stöku skreytingum hér og þar.

Titillag plötunnar fellur helst í þá gryfju að geta hljómað undir hvaða stiklu sem er fyrir

bandaríska indí-mynd – en það er nokkurn veginn það versta sem hægt er að segja um plötuna. Sem

er gott. Bestu lögin eru „Sem betur fer“, en það hefur fengið mikla spilun í útvarpi nú þegar, „Hlaðseyri“ og „Fall“ sem býður upp á allt það besta sem Ylja hefur upp á að bjóða.

Björn Teittson

**NIÐURSTAÐA:** Mjög góð önnur plata frá hljómsveit sem er stífgandi í sinni listsköpun. Einlægur flutningur fallgra laga þar sem raddirnar eru aðalsmerkið.



## BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

20,000 days on Earth	18.00	Paris Nordursins Eng Sub	20.00
Clouds of Sils Maria	17.30	Turist Eng Sub	20.00
Whiplash	17.45, 22.15	Turist	22.15
White God	20.00, 22.00		



Ábendingahnaupinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

# JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!



*Danskur normannspinur - stór og falleg jólatré*

EITT TRÉ Á MANN!

**4980** kr. stk.

DANSKUR NORMANNSPINUR  
160–220 cm

**JÓLATRÉN FÁST FRÁ OG MEÐ 12. DES.**  
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur  
svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn  
framvísun kvittunar.  
Eitt verð fyrir allar stærðir.



ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# Iceland





RAZER

PHILIPS

msi

ASUS

steelseries

# HEITUSTU LEIKJAVÖRURNAR

## RAZER

### RAZER ABYSSUS FYRIR LEIKJASPILARA

Hárnákvæm með 3500DPI optískum Razer Precision skynjara. 1000Hz Ultrapolling, 3 forritanlegir takkar og þægilegt grip.



RAZ-ABYSSUS2014

9.990

### PHILIPS ÓTRÚLEGT VERÐ!



PHS-SPA4355

9.990

Kröftugir 30W RMS hátalarar og bassabox sem gefa dýnamískan og djúpan hljóm. Frábærir í herbergið fyrir tónlistina, bímyndirnar og leikina. Snúrutengd fjarstýring fylgir til að stilla hljóðsstyrk.


24" 144Hz FULL HD LEIKJASKJÁR



PHILIPS PHS-242G5DJEB

54.990

STEELSERIES MÚSARMOTTA MEÐ GÚMMÍBOTNI



steelseries STE-QCKMINI

2.990

VINSÆLASTA MÚSIN FRÁ RAZER



RAZER RAZ-NAGA2014

19.990


LEIKJAHEYRNARTÓL MEÐ ÚTDRAGANLEGUM HLJÓÐNEMA



steelseries STE-5HV3

14.990

RAZER GOLIATHUS SPEED MÚSARMOTTA



RAZ-GOLIATHUSPEEDM

5.990

GEFORCE GTX 970 GAMING 4G SKJÁKORT



msi MSI-GTX970GAMING4G

69.990

CORSAIR K70 MEÐ LED Í HVERJUM TAKKA



CORSAIR COR-K70RGBMXBR

39.990

DOLBY 7.1 SURROUND OG LED LJÓSHRINGIR



steelseries STE-SIBELITEPRISMBK

39.990

OBISIDIAN 350D TURNKASSI



CORSAIR

COR-350D

21.990

RAZER TIAMAT 2.2 LEIKJAHEYRNARTÓL



RAZER RAZ-TIAMAT22

29.990

LEIKJAMÚS MEÐ ARM ÖRGJÖRVA OG LED



steelseries STE-SENSEI

14.990

MEKANÍSKT RAZER BLACKWIDOW 2014



RAZER RAZ-BLACKWIDOW2014

24.990

tl.is



REYKJAVÍK  
SUÐURLANDBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

HÚSAVÍK  
GARÐARSBRAUT 18A  
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFOSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

AKRANES  
ÞJÓÐBRAUT 1  
Sími 431 3333

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750



**STIGAVÉL** Kobe Bryant skorar og skorar fyrir LA Lakers. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Við það að ná átrúnaðargöðinu

**KÖRFUBOLTI** Hinn 36 ára gamli Kobe Bryant skoraði 32 stig í sigri Los Angeles Lakers á Sacramento Kings í fyrrinótt og vantar nú „aðeins“ 30 stig til að jafna Michael Jordan.

Kobe Bryant er stigahæsti leikmaður NBA-deildarinnar á þessu tímabili með 25,5 stig að meðaltali í leik. Hann hefur skorað 562 stig í 22 leikjum og er þar með kominn með 32.262 stig á ferlinum í NBA.

Michael Jordan skoraði á sínum tíma 32.292 stig í 1.072 leikjum (30,1 að meðaltali í leik) og vantar Kobe því bara 30 stig til að jafna átrúnaðagöð sitt og um leið 31 stig til að komast upp fyrir M.J. og í 3. sætið á listanum.

Kobe Bryant á þó ekki mikla möguleika á að ná stigameti Kareem Abdul-Jabbar sem hefur enn 6.125 stiga forskot á hann.

Næsti leikur Los Angeles Lakers er á móti San Antonio Spurs á morgun og tveimur dögum síðar heimsækir liðið Minnesota Timberwolves. Það er mjög líklegt að Kobe nái Jordan í öðrum af þessum tveimur leikjum.

-óóó



**HERFORINGINN** Hildur Sigurðardóttir stýrir leik Snæfells. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Körfu-tvíhöfði í Stykkishólmi

**KÖRFUBOLTI** Leikur Snæfells og Grindavíkur í Dominos-deild kvenna fór ekki fram eins og áætlað var því KKÍ sagði frá því á heimasíðu sinni að búið væri að fresta leiknum vegna veðurs.


Leikurinn hefur verið færður yfir á daginn í dag og fer þá fram klukkan 18.00. Vegna þessa þarf að fresta karla-leik Snæfells og Keflavíkur sem fer nú fram klukkan 20.00 í dag en ekki klukkan 19.15.

Það verður því nóg að gera hjá Inga Þór Steinþórssyni annað kvöld en hann þjálfar eins og kunnugt er bæði karla- og kvennalið Snæfells. Leik KR og Hamars var líka frestað.

-óóó



**FER RODGERS Í JÓLAKÖTTINN?** Næstu leikir gætu ráðið miklu um framtíð Brendans Rodgers hjá Liverpool. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



# VEÐJAÐ Á VITLAUSA HESTA

Vonbrigðatímabil Liverpool hélt áfram er liðið féll úr leik í Meistaradeildinni. 25 leikmenn hafa fylgt Rodgers til Bítlaborgarinnar. Frábær árangur liðsins á síðustu leiktíð virðist ekki gefa rétta mynd af styrk þess.

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að hafa keypt leikmenn fyrir 41,5 milljarða króna síðan hann kom til Liverpool virðist Brendan Rodgers ekki vera á réttri leið með liðið.

Það er úr leik í Meistaradeild Evrópu þrátt fyrir að hafa lent í afar auðveldum riðli. Eini sigurinn í riðlinum kom á heimavelli gegn Ludogorets sem telst seint vera í hópi sterkustu liða Evrópu. Sigurmark Liverpool í leiknum kom úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Ekki beint sannfærandi.

Liverpool fékk tækifæri til þess að komast áfram. Það sem til þurfti var heimasigur gegn svissneska liðinu Basel sem hefur ekki verið eins veikt í áraraðir.

Var rifjað upp í aðdraganda leiksins hvernig Steven Gerrard bjargaði Liverpool tíu árum áður í sömu stöðu í leik gegn Olympiakos.

Í ljós kom að liðið hefur breyst á þessum tíu árum. Liðið er enn allt of háð Gerrard sem er ekki sami leikmaðurinn og hann var fyrir tíu árum. Engu að síður var hann nálægt því að bjarga sínum mönnum í leiknum.

Liverpool varð í öðru sæti ensku deildarinnar á síðustu leiktíð og í raun aðeins einni „dettu“ frá meistaratitlinum að margra mati. Þá héldu margir að fram undan væru betri tíð með blóm í haga. Liðið komið aftur í Meistaradeildina með ungan, spennandi stjóra og fullt af frambærilegum leikmönnum.

### Suarez var of mikilvægur

Liverpool seldi sinn besta mann frá síðasta tímabili, Luis Suarez, fyrir 75 milljónir punda og keypti í staðinn eina átta leikmenn. Liver-

pool eyddi þrátt fyrir það aðeins 33 milljónum punda meira í leikmenn en þeir seldu í sumar.

Að missa Suarez var meira en liðið réð við. Hann halaði oft inn stig upp á eigin spýtur en það hefur enginn tekið við keflinu.

Allir þeir leikmenn sem síðan voru keyptir til félagsins í sumar hafa valdið gríðarlegum vonbrigðum. Gerrard hefur síðan gefið mikið eftir og þá virðist ákaflega lítið vera eftir.

### Úr hetju í skúr

Liðið er á leið í Evrópudeildina eftir sneypuförina í deild þeirra bestu og situr aðeins í níunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar og er heilum fimmtán stigum á eftir toppliði Chelsea eftir aðeins fimmtán umferðir.

Aðeins nokkrum mánuðum eftir að Brendan Rodgers var hampað sem kraftaverkamanni eru menn farnir að efast um stjórnunarhæfileika hans.

Hann þykir ekki hafa staðið sig vel á leikmannamarkaðnum og hefur einnig verið gagnrýndur fyrir stjórnun á hliðarlínunni í vetur. Nú síðast í leiknum gegn Basel.

Vegurinn er ekki langur frá því að vera hetja og í að vera skúrur. Það er Rodgers að upplifa og hann hefur sjálfur viðurkennt að starf hans gæti verið í hættu.

Það verður verk stjórnarmanna félagsins á næstu misserum að veða og meta hvort sé betra fyrir félagið. Að halda tryggð við Rodgers, og hans uppbyggingu, eða sparka honum og byrja upp á nýtt með nýjum manni.

henry@frettabladid.is

## RODGERS HEFUR KEYPT 25 LEIKMENN FYRIR RÚMAR 212 MILLJÓNIR PUNDA

FABIO BORINI	10.400.000
JOE ALLEN	15.000.000
OUSSAMA ASSAIDI	3.000.000
NURI SAHIN	að láni
SAMED YESIL	1.000.000
DANIEL STURRIDGE	12.000.000
PHILIPPE COUTINHO	8.500.000
JOAO CARLOS TEIXEIRA	830.000
LUIS ALBERTO	6.800.000
IAGO ASPAS	7.000.000
SIMON MIGNOLET	9.000.000
KOLO TOURE	frítt
ALY CISSOKHO	að láni
MAMADOU SAKHO	15.000.000
TIAGO ILORI	7.000.000
VICTOR MOSES	að láni
RICKIE LAMBERT	4.500.000
ADAM LALLANA	25.000.000
EMRE CAN	9.750.000
LAZAR MARKOVIC	19.800.000
DEJAN LOVREN	20.000.000
DIVICK ORIGI	9.800.000
JAVIER MANQUILLO	að láni
ALBERTO MORENO	12.000.000
MARIO BALOTELLI	16.000.000

Upphæðir eru í breskum pundum.

Byggt á upplýsingum frá lfchistory.net.



**Á FLEYGIFERÐ** Elvar Már Friðriksson í leik með LIU Brooklyn í Madison Square Garden. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Elvar Már allt í öllu hjá LIU Brooklyn

Íslenski leikstjórnandinn með flest stig, flestar stoðsendingar og flesta þrista hjá liðinu.

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson hefur staðið sig vel á stóra sviðinu í New York-borg en hann er nú ásamt Martin Hermannssyni á sínu fyrsta ári í bandaríska háskólaboltanum.

Elvar Már fór fyrir liði LIU Brooklyn í fyrsta sigurveik liðsins í fyrri-nótt þegar hann var þá með 19 stig og 7 stoðsendingar. Elvar var meðal annars með 12 stig og 6 stoðsendingar í seinni hálfleiknum sem LIU-liðið vann með 17 stiga mun. LIU Brooklyn skoraði þá 53 stig og Elvar átti með beinum hætti þátt í 30 þeirra (57 prósent).

Þetta var fyrsti leikurinn þar sem Elvar Már er stigahæstur hjá LIU Brooklyn en hann er engu að síður eini leikmaður liðsins sem hefur skorað yfir tíu stig að meðaltali í leik.

Elvar Már er með 10,7 stig að meðaltali en næstir á lista eru reynsluboltarnir Gerrell Martin (9,6 stig í leik) og Landon Atterberry (9,6) sem eru báðir á sínu síðasta ári í skólanum.

Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem Elvar er með flestar stoðsendingar í liðinu en því náði hann þarna í fimmta sinn í þessum fyrstu sjö leikjum tímabilsins.

Elvar hefur nú hækkað stigaskor sitt í fjórum leikjum í röð og verið með tvo eða fleiri þrista í þeim öllum. Hann er með 12,8 stig og 5,8 stoðsendingar að meðaltali í þessum fjórum leikjum sem er mjög flott tölfræði hjá nýliða í bandaríska háskólaboltanum.

Þegar tölfræði LIU Brooklyn er skoðuð frá fyrstu sjö leikjum tímabilsins kemur í ljós að Elvar Már er efstur hjá liðinu í stigum, stoðsendingum,

þriggja stiga körfum, vítaskotum teknum og mínútum spiluðum.

Martin byrjaði ekki vel en hefur fundið sig betur í síðustu leikjum liðsins. Martin er fjórði stigahæsti hjá LIU Brooklyn með 8,6 stig í leik og þá er hann í öðru sæti í stoðsendingum. Martin er einnig með tveimur fleiri fráköstunum Elvar.

Íslendingarnir tveir hafa gefið samtals 56 af 78 stoðsendingum LIU Brooklyn í fyrstu sjö leikjum sem þýðir að 72 prósent stoðsendinga liðsins hafa verið íslenskar. Enginn annar en Íslendingarnir tveir hefur leitt liðið í stoðsendingum það sem af er tímabilinu.

Það verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu hjá strákunum sem báðir eru í stórum hlutverkum frá fyrsta leik sem er langt frá því að vera gefið í bandaríska háskólaboltanum.

-óóó



# ALLT FYRIR SÆLKERANN Í BAKSTUR & KONFEKTGERÐINA

JÓLIN BYRJA

Í HEILSUHÚSINU

Tilboðin gilda til 16. desember

20%



Sonnenmentor lífrænu kryddin gera jólamatinn enn betri!

25%



Lífræna mjólið frá Doves

Margar tegundir fyrir glútenfrían bakstur.  
Heimabaksturinn smakkast betur!

20%



Heilsa þurrkaðir ávextir, hnetur og fræ  
Ómissandi fyrir konfektgerðina og baksturinn.

25%



Biona - hágæðavörulína fyrir sælkerann

Kókosolíur, kókosmjólk, súkkulaðsmyrja, hreint  
og blandað hnetusmjör. Algjört nammi.

25%



Náttúruleg sætuefni

Allt til að sæta án hvíts sykurs frá Xlear, Kal, Biona,  
Rowse & Bio Centrale.

35%  
AFMELISAFSLÁTTUR



Yogi te Green Te Energy

Frábært fyrir aukna brennslu líkamans!  
Prufaðu að setja 1 tsk. af Biona kókosolíu út í tebollann.

DYNAMO REYKJAVÍK

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið

1979

LAUGAVEGI

LÁGMÚLA

KRINGLUNNI

SMÁRATORGI

SELFOSSI

AKUREYRI

NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS

## Stöð 2 kl. 20.25 Eldhúsið hans Eypórs

Vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Eypórs Rúnarssonar matreiðslumeistara. Í hverjum þætti heimsækir hann sannkallaða sælkeru sem allir eiga það sameiginlegt að elska mat og framreiðslu og töfraðir verða fram dýrindis réttir sem gleðja jafnt augu sem bragðlauka.



## Í KVÖLD



### Fóstbræður

**STÖÐ 2 KL. 19.25** Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best. Hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenglæglegu og frumlegu gríni. Fóstbræður voru Sigurjón Kjartansson, Jón Gnarr, Helga Braga Jónsdóttir og fleiri framúrskarandi leikarar og grínistar.



### X-factor UK

**STÖÐ 3 KL. 20.15** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaborðið sitja söngkonurnar Cheryl Cole og Mel B og Louis Walsh.



### 2 Broke Girls

**GULL KL. 19.20** Hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt. Við nánari kynni komast þær Max og Caroline þó að því að þær eiga fleira sameiginlegt en fólk gæti haldið.

## Bylgjan kl. 19.00 90's þátturinn

Þórunn Erna Clausen spilar allar perlurnar frá þessu tímabili.



# LÍÐUR AÐ JÓLUM

**Velvet púði**  
kr. 6.600

**Drops púði**  
kr. 7.900

**YUMI**  
2 saman í setti  
kr. 28.700

**Milton kúruleppi**  
kr. 9.990

**Dixie**  
90x45 cm  
kr. 48.900

**Dixie**  
55x35 cm  
kr. 29.900

**TIMEOUT**  
Stóll + skemill  
kr. 379.000

**Flinga 80 cm**  
kr. 9.900

**Flinga 160 cm**  
kr. 16.900

**Wolf teppi**  
kr. 19.900

**Kr. 9.600**

**Kr. 6.900**

**Kr. 4.900**

**Kr. 1.500**

**Kr. 1.800**

**Kr. 4.700**

*Tilvalin jólagjöf*

*Jólatilboð 319.900*

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Wonder Years
- 08.25 Around the World in 80 Plates
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Woof. A Horizon Guide to Dogs
- 11.50 Harry's Law
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Serious Moonlight
- 14.30 iCarly
- 14.55 The Middle
- 15.20 Mike & Molly
- 15.45 Back in the Game
- 16.10 The New Normal
- 16.35 New Girl
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 The Simpsons
- 18.10 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skríttla, opna nýjan glugga í nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2.
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.16 Veður
- 19.25 Fóstbræður
- 20.00 Marry Me
- 20.25 Eldhúsið hans Eypórs
- 20.55 NCIS
- 21.45 Ice Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar í tveimur hlutum sem gerist í náinni framtíð og ísöld blasir við heiminum nema að gripíð verði til rótækra aðgerða.
- 23.20 Crimes That Shook Britain
- 00.10 Hreinn Skjöldur
- 00.40 Shameless
- 01.35 NCIS: New Orleans
- 02.20 Louie
- 03.05 The Mesmerist
- 04.45 Tenure

## SPORT besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk
- 07.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
- 08.30 Meistaradeildin - Meistaramörk
- 09.15 Flensburg - Fuchse Berlin
- 10.45 Chelsea - Sporting
- 12.25 Barcelona - PSG
- 14.05 Roma - Man. City
- 15.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
- 16.30 Flensburg - Fuchse Berlin
- 17.55 Besiktas - Tottenham Beint
- 20.00 Everton - Krasnodar Beint
- 22.05 Besiktas - Tottenham
- 23.45 Everton - Krasnodar

## SPORT 2 enski boltinn

- 12.00 Southampton - Man. Utd.
- 12.55 Ensku mörkin - úrvalsdeild
- 13.50 Newcastle - Chelsea
- 15.35 Messan
- 17.00 Football League Show 2014/15
- 17.30 Hull - West Bromwich Albion
- 19.05 Southampton - Man. Utd.
- 20.00 Premier League World 2014
- 20.30 Stoke City - Arsenal
- 22.10 Queens Park Rangers og Burnley
- 23.55 Premier League World 2014

## INN

20.00 Hrafnþing á Vestfjörðum 21.00 Auðlinda-kistan 21.30 Suðurnesjamagasín

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið FM 90,9 Gullbylgjan FM 89,5 Retro

## STÖÐ 3

- 17.50 Top 20 Funniest
- 18.35 Community 3
- 19.00 Last Man Standing Skemmtilegir gamanþættir með grínaranum Tim Allen í hlutverki karlmans sem lifir og hrærist í miklu kvennaríki, bæði í vinnunni og heima fyrir.
- 19.25 Are You There, Chelsea?
- 19.50 Wilfred
- 20.15 X-factor UK
- 21.30 Originals Magnaðir spennuþættir sem fjalla um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu súpervampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
- 22.15 Supernatural
- 23.00 Grimm
- 23.45 Constantine
- 00.25 Last Man Standing
- 00.50 Are You There, Chelsea?
- 01.15 Wilfred
- 01.40 X-factor UK
- 02.50 Originals
- 03.35 Supernatural
- 04.20 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

07.00 Ljótí andarunginn og ég 07.25 Latibær 07.47 Tommi og Jenni 07.54 Tommi og Jenni 08.00 Könnuðurinn Dóra 08.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 08.45 Doddi litli og Eyrnastór 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveins 09.45 Elías 09.55 UKI 10.00 Ofurhundurinn Krypto 10.22 Kalli á þakinu 10.47 Ævintýraferðin 11.00 Ljótí andarunginn og ég 11.25 Latibær 11.47 Tommi og Jenni 11.53 Tommi og Jenni 12.00 Könnuðurinn Dóra 12.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 12.45 Doddi litli og Eyrnastór 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveins 13.45 Elías 13.55 UKI 14.00 Ofurhundurinn Krypto 14.22 Kalli á þakinu 14.47 Ævintýraferðin 15.00 Ljótí andarunginn og ég 15.25 Latibær 15.47 Tommi og Jenni 15.53 Tommi og Jenni 16.00 Könnuðurinn Dóra 16.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 16.45 Doddi litli og Eyrnastór 16.55 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveins 17.45 Elías 17.55 UKI 18.00 Ofurhundurinn Krypto 18.22 Kalli á þakinu 18.47 Ævintýraferðin 19.00 Jóladaatal Skoppu og Skríttlu 19.10 Hvítí Kóalabjörninn 20.35 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

- 18.25 Strákarnir
- 18.55 Friends
- 19.20 2 Broke Girls
- 19.45 Modern Family
- 20.10 Two and a Half Men
- 20.35 Go On
- 21.00 The Americans
- 21.50 E.R.
- 22.35 The Untold History of the United States
- 23.35 Touch of Frost
- 01.20 Go On
- 01.40 The Americans
- 02.25 E.R.
- 03.10 The Untold History of the United States
- 04.10 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

- 11.25 Tooth Fairy 2
- 12.55 Joyful Noise
- 14.50 Ruby Sparks
- 16.35 Tooth Fairy 2
- 18.10 Joyful Noise
- 20.10 Ruby Sparks
- 22.00 Faces in the Crowd
- 23.45 Ironclad
- 01.45 One in the Chamber
- 03.15 Faces in the Crowd

## RÚV

- 16.20 Ástareldur
- 17.10 Kóala bræður
- 17.20 Jesús og Jósefína Danskt jóladagatal. Ævintýrum Jósefínu eru fá takmörk sett eftir að hún finnur tímavél sem hjálpar henni að ferðast allt aftur til unglingsára Jesús.
- 17.40 Vasaljós
- 18.05 Táknafréttir
- 18.15 Dýraspítalinn Sænsk þáttaröð. Sofíu Rágenklint þykir vænt um dýrin og í þáttunum slæst hún í lið með dýralæknum og sinnir dýrum sem á því þurfa að halda.
- 18.45 Geðveik jól - Upprifjun
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Andri á Færeyjaflandri Edduverðlaunahafinn Andri Freyr siglir til Færeyja og kynnist náfrændum okkar og vinum, lífsháttum þeirra, viðhorfum, siðum og venjum.
- 20.40 Frú Brown
- 21.15 Studíó A
- 22.00 Túfréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Glæpahneigð
- 23.05 Downton Abbey
- 00.15 Erfingjarnir
- 01.15 Erfingjarnir
- 02.15 Kastljós
- 02.40 Fréttir
- 02.55 Dagskrárlök

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.45 Pepsi MAX tónlist
- 14.05 The Voice
- 15.35 The Voice
- 16.20 The Biggest Loser
- 17.05 The Biggest Loser
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Tonight Show
- 19.10 The Talk
- 19.50 America's Funniest Home Videos
- 20.10 Parks & Recreation
- 20.35 Growing Up Fisher Bandarískir grínþættir sem fjalla um hinn tólf ára gamla Henry og daglegt líf á meðan foreldrar hans standa í skilnaði.
- 21.00 Scandal
- 21.45 How to Get Away With Murder
- 22.30 The Tonight Show Spjallþáttasníllingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.
- 23.15 Law & Order: SVU
- 00.00 The Affair
- 00.50 Hannibal
- 01.35 Scandal
- 02.20 How to Get Away With Murder
- 03.05 The Tonight Show
- 03.55 Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

08.20 Golfing World 2014 09.10 PGA Tour Latinoamerica 09.35 PGA Tour 2014 14.35 Golfing World 2014 15.25 FedExCup Playoffs Official Film 16.15 PGA Tour 2014 - Highlights 17.10 Golfing World 2014 18.00 PGA Tour 2014 21.00 Golfing World 2014 21.50 PGA Tour Latinoamerica 22.15 Golfing World 2014 23.05 PGA Tour 2014 - Highlights

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Raðið FM 90,9 Gullbylgjan FM 89,5 Retro FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 100,5 K100 FM 102,9 Lindin

nettó

Í JÓLASKAPI

# FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

1

FYRSTA SÆTI | Bragðkönnun DV

2

ANNAÐ SÆTI | Bragðkönnun DV

KJÖTSEL HAMBORGARHRYGGUR

KEA HAMBORGARHRYGGUR

Nettó er eina verslunarkeðjan sem býður upp á bæði Kjötsels- og Kea hryggina sem skipuðu 2 efstu sætin í bragðkönnunum DV.



## JÓLAMATURINN



„Hangikjöt er í uppáhaldi, sérstaklega beint frá bónda, það er sjúklega gott. Svo er líka geit beint frá bónda æðisleg.“

Helga Guðrún Friðriksdóttir, hönnuður hjá Orra Finn.

## Glimmerbomba á gamlárskvöld

Páll Óskar fékk ósk sína uppfyllta og heldur síðasta gamlárskvöld í Sjallanum.

„Ég er djúpt snortinn yfir þessu,“ segir Páll Óskar. Á þriðjudagskvöld setti hann mynd á Facebook með skilaboðunum að ef hann fengi yfir 1.000 „like“ á myndina skyldi hann halda síðasta ballið í Sjallanum á Akureyri á gamlárskvöld.

Viðtökurnar voru ótrúlegar og klukkutíma síðar var takmarkinu náð.

„Þetta er bara klappað og klárt. Ég er búinn að vera í símanum í allan morgun að redda mér heim á nýársdag. Það er ekki áætlunarflug, svo ég reiddaði mér einkaflugvél,“ segir Páll og hlær.

Eins og fram hefur komið mun Sjall-

anum verða lokað um áramót, en til stendur að reisa hótél þar.

„Ég vil bara fá að vera síðasti popparinn til að troða þarna upp. Ég ætla að taka þetta á blastinu og það verður sko alvöru glimmerbomba á gamlárskvöld,“ segir hann og bætir við að samkvæmt hans útreikningum sé þetta tíunda árið í röð sem hann treður upp í Sjallanum á gamlárskvöld.

„Það er svo gaman að fá svona staðfestingu á að fólk þyki svona vænt um Sjallann og að því sé ekki sama. Við Dabbi, skemmtanastjóri Sjallans, urðum bara klökkir að fylgjast með „like-unum“ í gær,“ segir Páll.

Það er ekki áætlunarflug, svo ég reiddaði méreinkaflugvél.

- asi



ALVÖRU KVEÐJUPARTÍ Páll lofar miklu stuði í Sjallanum á Akureyri á gamlárskvöld.



BÝÐUR Í KAFFI Viktoría býður öllum heim í húslestur og kósíheit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Býður almenningi heim til sín í húslestur

Viktoría Blöndal, nemi í Listaháskóla Íslands, býður öllum heim til sín í húslestur á skáldverkinu sínu.

„Verkið fjallar um manneskjurnar og hvernig þær lifa saman,“ segir Viktoría Blöndal, nemi á þriðja ári á sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands.

Hún fer óvenjulega leið í verkefni sínu. Í stað þess að skrifa og setja upp leikrit, gerði hún skáldverk sem verður lesið upp í húslestri heima hjá henni á morgun.

„Félagi minn, hann Oddur Júlíusson leikari, ætlar að lesa verkið. Mig hefur lengi langað til að gera eitthvað heima hjá mér og hvað passar betur en kaffi, súkkulaði og húslestur?“ segir Viktoría.

Karakterarnir í verkinu búa saman í fjölbýli og eru ólíkir, en innblásturinn að þeim fékk hún úr fyrri störfum og daglegu lífi. „Ég var að vinna á elliheimili og varð hugfangin af gömlu fólki. Út

Mig hefur lengi langað til að gera eitthvað heima hjá mér og hvað passar betur en kaffi, súkkulaði og húslestur?

frá því bjó ég til einn karakterinn sem er kona sem skrifar sínar eigin minningargreinar. Þannig varð til saga um ólíka karaktera í fjölbýli og samskipti þeirra,“ segir hún.

Í sögunni eru meðal annars systkin sem talast ekki við og gamall maður sem situr og bíður eftir símtali þar sem honum verður sagt að líf hans sé bara einn misskilningur. Húslesturinn verður á Hjarðarhaga 28 á morgun kl. 19.00 og 14. desember kl. 15.00.

- asi



FJÖLSKYLDAN Gunnar segir vel hafa tekist til við það að festa daglegt líf fjölskyldunnar á filmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sex manna fjölskylda óvænt í auglýsingu

Ljósmyndarinn Gunnar Svanberg leitaði að fyrirsætu en endaði óvænt með fjölskylduna í auglýsingu. Segir hana vera skemmtilega viðbót í myndaalbúmið.

Gunnar Svanberg ljósmyndari og fjölskylda hans voru óvænt fengin til þess að leika aðalhlutverk í auglýsingu fyrir Símann.

„Ég fór til Eskimo models að leita að módelum og fékk símhringingu daginn eftir og var beðinn um að koma á fund. Á fundinum voru allir svo spökir á svipinn að ég hélt að við værum að fara að mynda einhver svakaleg „celebrities“ en datt ekki í hug að ég væri að fara á fund um verkefni sem sneri eitthvað að okkur,“ segir Gunnar.

Hann og kona hans, Ingunn Dögg Sindradóttir, eiga fjögur börn, Sindra, Sölku Dögg, Kormák Breka og Kolku Kristbjörgu.

„Þeir voru með okkur í fjóra daga og reyndu að elta líf fjölskyldunnar. Það vantar auðvitað alltaf eitthvað inn í þetta, tómstundir hjá krökkunum og svona. En þetta nokkurn veginn nær yfir eðlilega

rútinu,“ segir hann en börnin létu veru fjölmenns liðs tókumanna á heimilinu lítið á sig fá.

„Þeim fannst þetta mjög gaman, þau hafa verið hjá mér í einhverju auglýsingatengdu. Þau eru ekkert óvön myndavélinni þannig að þau kiptu sér rosalega lítið upp við þetta.“

Auglýsinguna segir hann skemmtilega viðbót í myndaalbúmi fjölskyldunnar. „Það sem mér fannst svolítið spennandi í þessu var hvað við sem fjölskylda erum að eignast góða minningu. Það verður gaman að eiga þetta þegar við verðum eldri og hlæja að þessu saman.“

Tökuliðið var með fjölskyldunni nánast allan sólarhringinn í fjóra daga. „Það var bara rétt svo að vekjaraklukkan hafi náð að hringja þegar dyrabjallan glumdi,“ segir Gunnar léttur í

Á fundinum voru allir svo spökir á svipinn að ég hélt að við værum að fara að mynda einhver svakaleg „celebrities“.

bragði og tekur fram að lítið hafi farið fyrir tókuliðinu sem sneið handritið í kringum dagskrá og tómstundir fjölskyldunnar.

Í auglýsingunni sjást börnin í ballett, við píanóæfingar og í básúntíma. Gunnar segir auglýsinguna gefa raunsæja mynd af daglegu lífi fjölskyldunnar en bætir við að oft sé meiri ys og þys. „Þetta eru oft ansi mikil hlaup, maður er alltaf að fara á svo marga staði.“ Auglýsingin var tekin upp af True North í samstarfi við auglýsingastofuna ENNEMM.

gydaloa@frettabladid.is

Fullkomin jólagjöf fyrir fjölskylduna, vini og vandamenn!

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell eru komin í sölu og fást í Hínu húsinu, Pósthússtræti 3–5 og Mohawks, Kringlunni. Pantaðu og fáðu sent í síma 5303002 eða á midar@skidasvaedi.is.

Desembertilboð á vetrarkortum

SKÍDASVÆÐIN

Vetrarkort í Bláfjöll og Skálafell

Sími: 4115555 og 5303002  
Ópið alla virka daga kl. 9–13 og 13:30–17.

## Innipúkar heimsins erfa jörðina

Hugleikur Dagsson gefur í dag út myndasöguna Endir 3: Ofan og neðan.

„Bókin segir frá heimsendi sem er þannig að allir í heiminum detta upp. Þyngdarafli jarðarinnar snýst við, alveg óútskýrt, tek ég fram, vegna þess að ég gat ekki fundið neina haldbæra vísindalega útskýringu á þessu, mér fannst það bara svo flott,“ segir Hugleikur Dagsson, sem gefur út í dag bókina Endir 3: Ofan og neðan. „Það var smá tæknilegt vesen þannig að þetta frestaðist,“ segir Hugleikur um óvænta útgáfu bókarinnar.

„Allir detta upp á sömu stundu, allir sem eru utandyra þjóta upp í himininn á fallhraða. Þeir sem

lifa af eru allir sem eru innan-dyra, þannig að það eru innipúkar heimsins sem erfa jörðina. En þeir erfa hana þannig að þeir þurfa að húka á loftum heimila sinna það sem eftir er,“ segir Hugleikur.

Í bókinni eru sögur tveggja eftirlifenda þessa merkilega heimsendis sem teiknaðar eru af Sigmundi Breiðfjörð Þorgeirssyni og Lilju Hlín Pétursdóttur. „Sögurnar tvær eru sagðar sín hvorum megin í bókinni. Maður ræður hvora söguna maður les fyrst á hvorum endanum byrjað er og síðan mætast þessar sögur.“

- þij



HUGLEIKUR DAGSSON Teiknarar sagnanna eru Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson og Lilja Hlín Pétursdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gefðu fallega hönnun úr MÓDERN

\* \* \*

## Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópskri hönnun. Úrvalið einkennist af fallegri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

\* \* \*

| Urbania kertahús frá Kähler / Verð frá 6.490 kr.



PIPAKYBWA - SÍA



Hreindýr h39 cm / Verð 9.900 kr.



Koparbakki 38 cm / Verð 7.990 kr.



Aalto trébretti / Verð frá 7.990 kr.



Essence bjórglós, 48 cl, 2 stk. / Verð 4.900 kr.



Waxinelight kertahús / Verð 2.900 kr.



Kastehelmi 35cl / Verð 3.790 kr.

MARGAR STÆRÐIR




Omaggio vasar / Verð frá 3.990 kr.



Cucu 33 cm / Verð 12.900 kr.

# MÓDERN




# JÓLAEKLIÐGUA NETTÓ KOMUÐN ÚT!

Bæklingurinn í heild sinni er aðgengilegur á netto.is




**NÝTT  
KORTATÍMABIL**



[www.netto.is](http://www.netto.is)

| Mjódd - Salavegur - Hverafold - Grandi - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir - Selfoss |



**NÝTT  
KORTATÍMABIL**

**coop**

**meðhöfud á JÓLABORÐIÐ**

**RAUDKÁL**

**coop**  
FRYSTVÖRUR

**JÓLAHÚSÍÐ**

**JÓLAHÚS NETTÓ**  
AKUREYRI NJARDVÍK MJÓÐ  
BORGARNESI GRANDA  
SELFOSSI EGBLSTÖÐUM

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikna og hangikjöð

**2.498 kr/kg**  
**1.498 kr/kg**  
**3.498 kr/kg**

Í JÓLAHÚSINU FÆRÐU AÐSTÖÐU SÉRFRÆÐINGA VÍÐ VAL Á RÉTTU JÓLASTEIKINU VÍÐ SÖGUM FYRIR HÍG OG HJÁLPUÐ HÉL VELJA RÉTTA BITARN FYRIR HÍG OG HÍG

**HÁTÍÐAFUGLINN**

**999 kr/kg**

**1.286 kr/kg**

**1.273 kr/kg**

**2.571 kr/kg**

**1.898 kr/kg**

**1.494 kr/kg**

**Skokk Rjúpa**  
20-40kg  
**1.398 kr/stik**

**1.989 kr/kg**

**1.492 kr/kg**

**4.297 kr/kg**

**1.599 kr/kg**

**VILLT & FRAMA**

**3.789 kr/kg**

**4.899 kr/kg**

**3.598 kr/kg**

**5.998 kr/kg**

**4.998 kr/kg**

**4.998 kr/kg**

**3.598 kr/kg**

**3.598 kr/kg**

**699 kr/kg**


**698 kr/kg**

**698 kr/kg**

**5.948 kr/kg**

**3.581 kr/kg**

**6.998 kr/kg**



**Tilboðin gilda 11. - 17. des 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bara ef gefin út í Þýskalandi

Nýjasta skáldsaga **Jónínu Leósdóttur**, Bara ef, verður gefin út í þýskri þýðingu af stórförlaginu Kiepenheuer & Witsch á næsta ári, en forlagið tryggði sér útgáfuréttinn á skáldsögunni í gærmorgun. Ekki nóg með það heldur var bók Jónínu, Við Jóhanna, sem kom út fyrir jólin í fyrra gefin út í Danmörku fyrir skemmstu af stórum útgefanda, svo Jónína hefur svo sannarlega margar ástæður til þess að gleðjast þessa dagana.

- asi



### Svívar ánægðir með Hróa hött

Leikritið Hrói höttur í uppfærslu Vesturports fær lofsamlega dóma í Svíþjóð þar sem verkið er nú sýnt. Meðal annars lofar gagnrýnandi dagblaðsins Dagens Nyheter sýninguna og gagnrýnandi leiklistarsíðunnar Nummer.se gefur henni fimm stjörnur. Sýningin hefur ferðast víða og verið sett upp meðal annars á Englandi, í Boston, Toronto, Noregi og verður síðan sett upp á Broadway á næsta ári. **Gísli Örn Garðarsson** leikstýrir verkinu og meðleikstjóri og danshöfundur er Selma Björnsdóttir.

- vh



### Mest lesið **vísir**

- 1 Fullyrt að Íslendingur hafi tekið upp ISIS myndbönd
- 2 Myndband: Fótgangandi í basli við Höfðatorg
- 3 Bjargaði konu og barni úr bíl á Reykjanesbrautinni
- 4 Stríðið í Flóa: Segir lóðaskjöl týnd en dóttir deiluaðila starfar hjá sýslumanni

Opið allan  
sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi  
og Arnarbakka



Iceland

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**VAN KOLLEM**  
MADISON PARK • NY

**gardeur**

**HUGO**  
HUGO BOSS

**PETER VAN HOLLAND**

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18  
laugardaga frá kl. 11 til 17  
sunnudaga frá kl. 13 til 17  
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



# Jólagleði!

# 40- 70%

nýtt kortatímabil



## afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

# ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

